

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Efnahags- og viðskiptanefnd

23. nóvember 2001

Ársskýrsla FME

Tímabilið 1. júlí 2000- 30. júlí 2001.

- Yfirlit yfir starfsemina.
- Þróun og horfur á fjármálamarkaði.
- Áherslur í starfi FME.
- Yfirlit yfir eftirlitsskylda aðila.
- Yfirlit yfir breytingar á lögum og reglum.
- Ársreikningur 2000.

2

Aðgerðir FME á lánamarkaði

- Varað við útlánaþróun.
- Varað við lækkandi eiginfjárlutföllum.
 - Skýrari markmið lánastofnana.
 - Markmið um eiginfjárlutföll vel yfir lágmarkum, með hliðsjón af áhættustigi.
 - Athuganir á útlánaeftirliti og afskriftum.

3

Staðan á lánamarkaði nú

- Versnandi afkoma.
- Útlánaaukning stöðvast.


4

Nettó skuldir banka við erlenda aðila í milljörðum króna




5

Markaðsverðbréf í eigu banka og sparisjóða í milljörðum kr.




6

Vanskil innlánsstofnana (til lengri tíma en eins mánaðar)




7

Árleg framlög í afskriftareikning í útlánum og raunaukning meðalútlána milli ára hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum (Árið 2001 er áætlað)



8

Eiginfjárlutfall með og án vikjandi lána sem teljast til eiginfjárbátta



9


Styrkja þarf eiginfjárstöðu enn frekar

- Skapa aukinn hagnað eða gefa út nýtt hlutafé/stofnfé.
- Staða lánastofnana mjög mismunandi.
- Reynir á áhættustýringu og innra eftirlit.

10

Eftirlit á verðbréfamarkaði

Velta skuldabréfa og hlutabréfa í m.kr. sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands og þróun hlutabréfavísitölu



11

Kalla versnandi aðstæður á verðbréfamarkaði á sveigjanlegri starfshætti?

- Markaðurinn er grunnur, dæmi:
 - 4 þingaðilar með 95% af viðskiptum 10 veltumestu félaga á VPÍ á þessu ári.
 - 40% af viðskiptunum fyrir eigin bók þingaðilanna eða sjóða á þeirra vegum.
- Beita þarf meira aðhaldi til að tryggja rétta verðmyndun.

12

Meginverkefni á verðbréfamarkaði

- 1) Eftirlit með starfsháttum.
- 2) Aðlögun að breyttum lögum um verðbréfavíðskipti.

13

1) Eftirlit með starfsháttum

- Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001 um efni reglna fjármálafyrirtækja.
 - Kínamúrur,
 - eigin víðskipti fyrirtækja/viðskipti starfsmanna.
 - atvinnuþáttaka starfsmanna
- Eldri reglur verða endurskoðaðar í framhaldinu.

14

2) Aðlögun að nýlegum breytingum á lögum verðbréfavíðskipti

- Aukið aðhald með innherjavíðskiptum.
 - Skilgreining innherja.
 - Fruminnherja.
 - Aðrir innherja.
 - Rannsóknarskylda fruminnherja í tengslum við víðskipti.
 - Innherjaskrá / Upplýsingaskýlda til FME / Listi yfir fruminnherja birtir.
 - Breyttar innri reglur.
- Tilmæli nr. 2/2001 um efni reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og víðskipti innherja.
- Skýrari reglur um almenn útboð.

15

Bætt eftirlit á verðbréfamarkaði

- Nýtt starfsfólk ráðið til FME.
- Markaðsvakt.
- Styður við annað eftirlit á fjármálamarkaði.

16

Eftirlit með lífeyrissjóðum

- 1) Umsagnir um starfsleyfi og breytingar á samþykktum.
- 2) Athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða.


17

Athuganir á fjárfestingum lífeyrissjóða

- Nokkur tilvik um brot á lögum.
- Anmarkar á flokkun fjárfestinga.
- Reynir einkum á heimildir um víðskipti með óskráð verðbréf (10%).

18

Hrein ávöxtun lífeyrissjóða




19

Eftirlit á váttryggingamarkaði

- 1) Starfandi váttryggingafélögum hefur fækkað.
- 2) Eftirlit með váttryggingamiðlurum og líftryggingafélögum.
- 3) Eftirlit með félögum sem bjóða lögboðnar ökutækjatrýggingar.
 - Ekki forsendur til að grípa til aðgerða á síðasta ári.
 - Brýnt að váttryggingafélög taki forsendur til endurskoðunar.


20

Þróun iðgjalda í helstu greinaflokkum skaðatrygginga á verðlagi ársins 2000



21

Tjón ársins á verðlagi 2000



22

Þörf aðgerða vegna iðgjalda?

- Váttryggingafélögum ber að endurmeta stöðu sína að fenginni reynslu.
- Þróun tjóna á fyrri hluta árs gaf góð fyrirheit.
- Auka þarf gegnsæi í rekstri váttryggingafélaga.
- Fjármálaeftirlitið mun fylgjast með þróun tjóna á þessu ári.

23

Almennar áherslur FME næstu misseri

- 1) Áhættustýring og innra eftirlit.
 - Ábótavant á nýjum sviðum og þar sem vöxturinn hefur verið mestur.
 - Bætra ástand þar sem byggt hefur verið á rótgroínni starfsemi.
 - Mikil þörf varkárni nú.
- 2) Starfshættir á markaði.
 - Starfshættir á verðbrefamarkaði.
 - Starfshættir á váttryggingamarkaði.

24

Almennar áherslur FME næstu misseri (2)

3) Markaðsaðhald

- Reikningsskil fjármálafyrirtækja, samræming og eftirfylgni.

4) Þátttaka í samkeppnishæfni fjármálamarkaðar

- Grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit, athugun IMF.
- Erlent samstarf.
- Gegnsæi í starfsemi FME.

25

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 525 2700 | Faxnúmer 525 2727
Tölvupóstur: fme@fme.is

Lánamarkaður Lífeyrissjóðir Vátryggingar Verðbréfamarkaður

English

Heim	Eftirlit - Almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila
Fréttir	Á þessari síðu eru birt almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila, sem Fjármálaeftirlitinu er heimilt að gefa út, sbr. 8. gr. l. nr. 87/1998 með síðari breytingum.
Um FME	
Eftirlit	Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2001
Eftirlitsskyldir aðilar	Almenn leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja
Neytendamál og úrskurðarnefndir	Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2001
Innherjar	Almenn leiðbeinandi tilmæli um reglur útgefenda verðbréfa.
Útgáfur	Leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2001
Umræðuskjöl	Leiðbeinandi tilmæli til viðskiptabanka sparisjóða og annarra lánastofnana um frádrátt á eigin fé samkvæmt 55. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, vegna eignarluta í veltubók í öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. sömu laga.
Almenn leiðbeinandi tilmæli	Tilmæli varðandi viðskiptahætti við miðlun vátrygginga
Lög og reglur	FME sendi vátryggingamiðlurum tilmæli í dreifibréfi, dags. 20. febrúar sl., varðandi viðskiptahætti við miðlun vátrygginga. Í dreifibréfinu er m.a. vikið að verklagi við miðlun vátrygginga, stöðu verktaka ofl.
Netföng	
Tenglar	

1 af 1

Almennur fyrirvari og höfundaréttur.

FJÁRMÁLA EFTIRLITIÐ

Suðurlandsbraut 32, 108 Reykjavík
Sími: 525 2700 | Faxnúmer 525 2727
Tölvupóstur: fme@fme.is

Lánamarkaður Lífeyrissjóðir Vátryggingar Verðbréfamarkaður

English

	Eftirlit - Umræðuskjöl	
Heim		
Fréttir		08.11.2001
Um FME	Umræðuskjal nr. 9/2001	
Eftirlit	Drög að reglum um form og efni fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða og úttektar á ávöxtun. Umsagnarfrestur er til 24. nóvember 2001.	
Eftirlitsskyldir aðilar	Umræðuskjal nr. 8/2001	17.10.2001
Neytendamál og úrskurðarnefndir	Drög að leiðbeinandi tilmælum um rétt tjónþola til bótagreiðslu með fyrirvara. Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Umsagnarfrestur er til 20. nóvember 2001.	
Innherjar		16.10.2001
Útgáfur	Umræðuskjal nr. 7/2001	
Umræðuskjöl	Drög að leiðbeinandi tilmælum um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Um er að ræða tilmæli um lágmarkskröfur varðandi innra eftirlit og áhættustýringu og er sérstök áhersla lögð á ábyrgð og skyldur stjórna og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja. Umsagnarfrestur er til 15. nóvember 2001.	
Almenn leiðbeinandi tilmæli	Umræðuskjal nr. 6/2001	15.10.2001
Lög og reglur	Drög að leiðbeinandi tilmælum um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana. Um er að ræða birtingu frekari upplýsinga varðandi fjármálaskjöl og önnur svipuð skjöl til viðbótar við hina takmörkuðu birtingarkröfu sem gerð er í téðum reglum. Tilmælin eru efnislega samhljóða tilmælum Evrópusambandsins nr. 2000/408/EC frá 23. júní 2000 um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt tilskipun nr. 86/635/EBE um ársreikninga og samstæðureikninga banka og annarra fjármálastofnana. Umsagnarfrestur er til 15. nóvember 2001.	
Netföng		14.10.2001
Tenglar	Umræðuskjal nr. 5/2001	
	Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 693/2001, um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfaþjónustu. Um er að ræða tillögu að breytingum á 12. gr. reglnanna. Megin breytingin sem lögð er til felst í því að bætt er inn ákvæði sem gerir mögulegt að meta svonefnd "asset backed securities" í 50% áhættuvægi í áhættugrunni við útreikning á eiginfjárlutfalli að uppfylltum nánar greindum skilyrðum. Umsagnarfrestur er til 15. nóvember 2001.	
		12.10.2001
	Umræðuskjal nr. 4/2001	
	Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana. Um er að ræða tillögu að breytingum á viðauka 1 með reglum, sem fjallar um afskriftir útlána. Umsagnarfrestur er til 10. nóvember 2001.	
		25.05.2001
	Umræðuskjal nr. 3/2001	
	Drög að leiðbeinandi tilmælum um frádrátt á eigin fé samkvæmt 55. gr. laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparissjóði, vegna eignarhluta í veltubók í öðrum þeim félögum sem stunda starfsemi þá sem talin er upp í 44. gr. sömu laga. Umsagnarfrestur er til 1. júlí 2001. Að þeim tíma liðnum mun Fjármálaeftirlitið taka framkomin sjónarmið til skoðunar og í kjölfar þess beina því til viðkomandi fyrirtækja að laga eldri reglur að leiðbeiningum eftirlitsins.	
		19.05.2001
	Umræðuskjal nr. 2/2001	
	Drög að reglum FME að tilmælum eða leiðbeiningum um efni nýrra regna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja. Umsagnarfrestur er til 8. júní 2001.	
		14.05.2001
	Umræðuskjal nr. 1/2001	
	Drög að leiðbeinandi tilmælum um bónusreglur vátryggjenda í lögboðnum ökutækjatrýggingum. Umsagnarfrestur er til 1. júní 2001. Að þeim tíma liðnum mun Fjármálaeftirlitið taka framkomin sjónarmið til skoðunar og í kjölfar þess beina því til viðkomandi fyrirtækja að laga eldri reglur að leiðbeiningum eftirlitsins.	
		17.07.2000
	Umræðuskjal nr. 1/2000	
	Leiðbeiningar um efni regna fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti. Umsagnarfrestur er til 8. september 2000. Að þeim tíma liðnum mun Fjármálaeftirlitið taka framkomin sjónarmið til skoðunar og í kjölfar þess beina því til viðkomandi fyrirtækja að	

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins

Ræða Páls Gunnars Pálssonar, forstjóra

Ágætu ársfundargestir,

Ársfundur Fjármálaeftirlitsins er nú haldinn í þriðja sinn á jafnmörgum starfsárum stofnunarinnar. Tilfni fundarins er að kynna ársskýrslu Fjármálaeftirlitsins, miðla upplýsingum um verkefni þess og koma á framfæri sjónarmiðum sem varða fjármálamarkaðinn. Með þessu stuðlar Fjármálaeftirlitið fyrir sitt leyti að gegnsæi íslensks fjármálamarkaðar, sem er undirstaða aðhalds af hálfu viðskiptamanna og annarra þátttakenda á fjármálamarkaði. Upplýsingagjöf af hálfu Fjármálaeftirlitsins dregur einnig úr falskri öryggiskennð, sem fylgir vankunnáttu um hlutverk opinbers eftirlits og þögn um starfsemi þess. Fjármálaeftirlitið hefur talið nauðsynlegt að bjóða til slíkra funda, a.m.k. nú á fyrstu starfsárum þess, en þau ár hafa jafnframt verið viðburðarík á fjármálamarkaði.

Fjármálaeftirlitið býður nú í fyrsta sinn til fundarins forsvarsmönnum fyrirtækja sem skráð eru á aðallista Verðbréfabings Íslands hf., en með nýlegum breytingum á lögum um verðbréfavíðskipti og auknu hlutverki Fjármálaeftirlitsins í eftirliti með innherjavíðskiptum, hafa samskipti þess við skráð fyrirtæki stórukist.

Ársskýrsla Fjármálaeftirlitsins er nú gefin út í annað sinn og spannar tímabilið 1. júlí 2000 til 30. júní 2001. Í ársskýrslunni er að finna yfirlit yfir starfsemina á tímabilinu, umfjöllun um þróun og horfur á fjármálamarkaði og áherslur í starfi Fjármálaeftirlitsins næstu misseri. Einnig er birt yfirlit yfir eftirlitsskylda aðila, fjölda þeirra, hverjir þeir eru og hvaða breytingar hafa orðið. Ennfremur er birt yfirlit yfir breytingar á lögum og reglum á tímabilinu. Þá er í lok skýrslunnar birtur ársreikningur Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2000.

Innan fárra daga verður gefin út stytt útgáfa af skýrslunni á ensku, en með því hyggst Fjármálaeftirlitið svara vaxandi spurn erlendra aðila eftir upplýsingum um íslenskan fjármálamarkað.

Fjármálaeftirlitið hefur valið þann kost að gefa ársskýrslu sína út að hausti þegar það hefur safnað saman og unnið úr ársreikningum allra eftirlitsskyldra aðila og birt samandregnar upplýsingar úr þeim. Hefur Fjármálaeftirlitið nú birt á heimasíðu sinni ársreikningaskýrslur fyrir öll svið markaðar, nú síðast ársreikningabók vegna lífeyrissjóða.

Það er ekki ætlun mín hér að rekja ítarlega efni ársskýrslunnar sem hér liggur fyrir. Þess í stað hyggst ég fara nokkrum orðum um þróun á hverju sviði

fjármálamarkaðarins og verkefni og áherslur Fjármálaeftirlitsins með hliðsjón af þeirri þróun.

Vikjum fyrst að lánamarkaði.

Á liðnum árum hefur Fjármálaeftirlitið ítrekað varað við aukinni áhættu í starfsemi viðskiptabanka, sparisjóða og annarra lánastofnana. Hefur það bent á að viðvarandi 25-30% árleg útlánaaukning frá árinu 1998 standist ekki til lengdar. Reynslan sýndi að í kjölfar mikillar útlánaaukningar fylgi aukin afskriftaþörf. Útlánaaukningin væri auk þess fjármögnuð með erlendum lántökum og gengisbundin lán veitt til aðila sem í mörgum tilvikum hefðu ekki tekjur í samsvarandi gjaldmiðlum. Líkur væru til að þörf yrði aukinna afskriftaframlaga í framtíðinni. Jafnframt var ítrekað bent á vaxandi markaðsáhættu lánastofnana.

Í ársskýrslu sinni á síðasta ári lýsti Fjármálaeftirlitið yfir sérstökum áhyggjum sínum vegna lækkandi eiginfjárlutfalla lánastofnana og taldi þróun þeirra óviðunandi. Vegna hraðvaxandi umsvifa væri viðbúið að ekki væri nægilega vandað til útlánaákvæðana og áhættugreiningar og því væri nauðsynlegt að sýna sterka eiginfjárstöðu.

Eftirlit Fjármálaeftirlitsins á liðnum misserum hefur beinst að þessum þáttum. Þannig hefur Fjármálaeftirlitið kallað eftir skýrari markmiðum um rekstur lánastofnana og umræðu um þau. Fjármálaeftirlitið hefur lagt áherslu á hækkun eiginfjárlutfalla og lýst þeirri skoðun sinni að stærstu lánastofnanir með virka áhættustýringu og innra eftirlit skuli stefna að því að eiginfjárlutfall (eða CAD-hlutfall) sé á hverjum tíma að lágmarki 10% í stað 8% lögbundins eiginfjárlutfalls. Jafnframt sé ljóst að margar lánastofnanir þurfi að setja sér enn hærra markmið um eigið fé í samræmi við áhættu í starfsemi þeirra. Fjármálaeftirlitið hefur sérstaklega varað við að vikjandi lán séu í ríkum mæli tekin til að fullnægja skilyrðum um eiginfjárlutföll, en lánastofnunum ber að mati Fjármálaeftirlitsins að stefna að því að eiginfjárlutfall án vikjandi lána sé að lágmarki 8%. Þá hefur Fjármálaeftirlitið áður kynnt hugmyndir um að meta á kerfisbundinn hátt hvort eiginfjármarkmið lánastofnana séu í samræmi við stöðu og áhættu hverju sinni.

Á síðustu misserum hefur Fjármálaeftirlitið hugað sérstaklega að útlánaeftirliti, afskriftum og áhættustýringu þessu tengdu. Margvíslegar athugasemdir hafa verið gerðar og í sumum tilvikum hafa þær leitt til hækkunar á afskriftaframlögum.

En hvaða mynd er hægt að draga upp af ástandi mála nú? Raunaukning útlána hefur nær stöðvast, ef marka má tölur um útlánaþróun á þriðja ársfjórðungi þessa árs. Afkoma lánastofnana versnaði á síðasta ári, en stóð í stað á fyrri hluta þessa árs. Kostnaðarhlutfall, þ.e. rekstrargjöld í hlutfalli af hreinum rekstrartekjum, hefur sótt í sama farið eftir talsverða lækkun á árinu 1999, samfara miklum gengishagnaði þá.

Skuldir banka við erlenda aðila hafa haldið áfram að aukast, námu tæplega 300 milljörðum króna á miðju ári 2000, en voru komin í ríflega 400 milljarða króna á miðju þessu ári (*Mynd 3 í ársskýrslu*). Mótvægi við erlendu lánin eru gengisbundin lán til innlendra lánþega. Sumir þessara aðila hafa ekki tekjur í samsvarandi gjaldmiðlum og eru því ekki varðir gagnvart gengislækkun.

Þá er mikil markaðsáhætta í starfsemi lánastofnana. Raunar hefur hlutabréfaeign lánastofnana aukist úr tæplega 30 milljörðum króna í tæplega 43 ma. kr. frá miðju ári 2000 fram á mitt þetta ár, þ.e. á þeim tíma sem liðinn er frá því að hægjast tók á markaðnum (*Mynd 4 í ársskýrslu*). Á þessu tímabili lækkaði úrvalsvísitala VPÍ um 30%.

Við þessar aðstæður er ástæða til þess að fylgjast vel með þróun vanskila hjá lánastofnunum. Samkvæmt upplýsingum sem Fjármálaeftirlitið hefur safnað hafa vanskil hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum aukist nokkuð. Eins og myndin (*mynd 5 í ársskýrslu*) sýnir námu vanskil lánþega viðskiptabanka og sparisjóða (þ.e. vanskil til lengri tíma en eins mánaðar) rúmum 12 milljörðum króna um síðustu áramót. Í lok júní sl. námu þessi vanskil tæplega 17 milljörðum króna, sem er aukning um 0,5% í hlutfalli af útlánnum þessara aðila.

Afskriftir hafa aukist á þessu ári eftir að hafa náð lágmarki í lok síðasta árs. Gjaldfærðar afskriftir viðskiptabanka og sparisjóða í hlutfalli af útlánnum námu 0,9% á árinu 2000 en áætlað er að þetta hlutfall verði 1,3% á þessu ári. Myndin (*mynd 6 í ársskýrslu*) sýnir hvernig raunaukning útlána hefur þróast frá árinu 1986 í samanburði við þróun árlegra framlaga í afskriftareikning í hlutfalli af útlánnum. Athyglisvert er hvernig afskriftaframlög jukust á árunum 1988 til 1992 í kjölfar útlánaaukningar á árunum 1985 til 1988. Nú hefur útlánaaukningin náð hámarki og í kjölfar þess kemur aukning á afskriftaframlögum vegna þeirra.

Miklar líkur eru á því að afskriftaframlög muni vaxa á næstunni. Setja verður þó fyrirvara við samanburð stöðunnar nú við fyrri tíð. Þannig má ætla að útlánaákvæðanir og áhættustýring sé betri nú en áður. Þá leiðir fjölþættari áhætta lánastofnana og breytt efnahagsumhverfi til þess að staðan nú og þá er ekki að öllu leyti samanburðarhæf.

Framangreind þróun gerir lánastofnanir viðkvæmari fyrir áföllum og því er mikilvægt að eiginfjárstaða þeirra sé nægilega sterk. Eiginfjárlutföll viðskiptabanka og sparisjóða hafa hækkað nokkuð fá miðju ári 2000 fram á mitt þetta ár, eftir að hafa stöðugt farið lakkandi síðustu ár. Myndin (*mynd 7 í ársskýrslu*) sýnir þróun eiginfjárlutfalla hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum, rauðu línurnar sýna eiginfjárlutföll viðskiptabanka og þær bláu eiginfjárlutföll sparisjóða. Brotnu línurnar sýna eiginfjárlutföll án víkjandi lána.

Tvær meginástæður eru fyrir þessari hækkun: Annars vegar varð sala á eignarhlutum í Kaupþingi hf. til þess að eiginfjárlutföll margra sparisjóða hækkuðu. Hins vegar tóku lánastofnanir víkjandi lán og þrír viðskiptabankanna nýttu sér auk þess nýfengna heimild til að gefa út víkjandi skuldabréf sem teljast til eiginfjárbáttar A við útreikning á eiginfjárlutfalli. Þessi víkjandi skuldabréf eru frábrugðin hefðbundnum víkjandi lánnum að því leyti að þau eru talin jafngild öðru eiginfé í eiginfjárbætti A, svo sem hlutafé. Fjármálaeftirlitið heimilaði töku þessara víkjandi lána á grundvelli nýrrar reglugerðar viðskiptaráðuneytisins.

Þrátt fyrir þessa hækkun eiginfjárlutfalla telur Fjármálaeftirlitið að margar lánastofnanir þurfi enn frekar að styrkja eiginfjárstöðu sína til að mæta hugsanlegum áföllum í nánustu framtíð. Margar lánastofnanir hafa fullnýtt heimildir til töku víkjandi lána til að styrkja eiginfjárstöðu sína, bæði hvað varðar hefðbundin víkjandi

lán og hin nýju víkjandi skuldabréf. Eiginfjárstaða þessara lánastofnana verður því helst styrkt með auknum hagnaði eða útgáfu nýs hlutafjár/stofnfjár.

Rétt er að taka fram að staða einstakra lánastofnana er mjög mismunandi. Ekki er ólíklegt að einhverjar lánastofnanir eigi eftir að lenda í erfiðleikum. Aðrar munu verða fyrir litlum skakkaföllum. Þegar á heildina er litið og að gefnum eðlilegum efnahagslegum forsendum er ekki ástæða til að ætla að fjármálastöðugleiki sé í hættu.

Á næstu misserum mun reyna á hvort tekist hafi að vanda útlánaákvörðanir nægilega þrátt fyrir mikinn vöxt á liðnum árum. Jafnframt mun reyna á útlánaeftirlit og mat á afskriftum. Góð áhættustýring á þessu sviði mun skila sér til baka til þeirra sem vönduðu til verka í upphafi.

Víkjum því næst að eftirliti á verðbréfamarkaði.

Það er kunnara en frá þurfi að segja hversu mjög hefur hægt á verðbréfamarkaði á undanföllum mánuðum, einkum á hlutabréfamarkaði. Frá miðju síðasta ári til miðs þessa árs lækkaði úrvalsvisitala Verðbréfaþingsins um 30%. Oft heyrast þær raddir að við þessar aðstæður beri að fara varlega í að herða reglur um starfshætti á verðbréfamarkaði og skapa starfseminni skýrari umgjörð. Þetta er ekki ályktun Fjármálaeftirlitsins. Við þessar aðstæður verður einmitt enn ljósara en áður hversu grunnur verðbréfamarkaðurinn er, verðmyndun veik og hann borinn uppi af fáum þingaðilum (*Mynd 8 í ársskýrslu*).

Nefna má í þessu sambandi að viðskipti með hlutabréf í 10 veltumestu félögum á Verðbréfaþingi námu 65% af heildarviðskiptum frá byrjun þessa árs til loka ágúst. Þar af voru 4 stærstu þingaðilarnir með að meðaltali um 95% af viðskiptum þessara 10 veltumestu félaga. Athugun Fjármálaeftirlitsins leiddi ennfremur í ljós að tæplega 40% af þessum viðskiptum voru fyrir eigin bók þingaðilanna eða sjóða á þeirra vegum.

Að mati Fjármálaeftirlitsins sýnir þetta hversu nauðsynlegt það er að beita ströngu aðhaldi til að koma í veg fyrir markaðsmisnotkun og byggja upp traustan og samkeppnishæfan markað.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins í eftirliti á verðbréfamarkaði síðustu misseri eru af tvennum toga. Annars vegar er eftirlit með starfsháttum og mótun á þeirri umgjörð sem vera þarf til staðar á samkeppnishæfum verðbréfamarkaði. Hins vegar og nátengd hinu fyrra, er aðlögun að nýlegum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti. Þessum verkefnum hefur fylgt styrking eftirlits á verðbréfamarkaði og mótun skipulagðrar markaðsvaktar innan eftirlitsins.

Eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði og þátttaka í mótun á umgjörð verðbréfamarkaðar hefur verið og mun verða á meðal meginverkefna Fjármálaeftirlitsins. Á miðju þessu ári gaf Fjármálaeftirlitið út leiðbeinandi tilmæli um efni reglna fjármálafyrirtækja sem m.a. varða aðskilnað hagsmuna, eða Kínámúra, eigin viðskipti fyrirtækjanna, viðskipti starfsmanna og atvinnuþátttöku stjórnenda og starfsmanna fjármálafyrirtækja. Tilmælin taka til fyrirtækja í verðbréfaþjónustu og lánastofnana og eru afrakstur umræðu sem staðið hefur yfir síðan í ljós kom á síðasta

ári að nokkur fyrirtæki fylgdu ekki eftir eigin verklagsreglum um viðskipti starfsmanna.

Tilmælin sem Fjármálaeftirlitið setti fela í sér lýsingu á efnisreglum sem eigin reglur þessara fjármálafyrirtækja þurfa að lágmarki að innihalda. Í framhaldi af setningu tilmælanna óskaði Fjármálaeftirlitið eftir því að fyrirtækin endurskoðuðu reglur sínar og sendu þær Fjármálaeftirlitinu til staðfestingar. Fjármálaeftirlitið er nú að yfirfara þær reglur sem sendar hafa verið.

Hvað eftirlit með starfsháttum varðar hafði Fjármálaeftirlitið til athugunar nokkur mál þar sem vísbendingar voru um brot á ákvæðum um innherjaviðskipti. Einu slíku máli var vísað til Ríkislögreglustjóra. Einnig voru til athugunar ýmis önnur mál, en kvörtunum og fyrirsparamum sem tengjast ráðgjöf og þjónustu á verðbréfamarkaði fjölgaði jafnt og þétt á tímabilinu.

Hitt meginverkefnið sem nefnt var hér að framan er aðlögun að nýlegum breytingum á lögum um verðbréfaviðskipti. Breytingarnar fela í sér ákvæði um innherjaviðskipti og eftirlit með þeim. Reglurnar skapa meiri aga um slík viðskipti og skylda m.a. fruminnherja til þess að ganga úr skugga um að engar trúnaðarupplýsingar liggi fyrir hjá fyrirtækinu áður en hann á viðskipti með verðbréf útgefin af því. Annað mikilvægt nýmæli er að útgefendum skráðra verðbréfa er ætlað að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir fruminnherja, þ.e. þá sem hafa að staðaldri aðgang að trúnaðarupplýsingum um útgefanda verðbréfa, stöðu sinnar vegna. Fjármálaeftirlitinu er ætlað að birta á heimasíðu sinni þessa lista yfir fruminnherja hjá öllum útgefendum skráðra verðbréfa. Þeir hinir sömu lúta nafnbirtingu á Verðbréfaþingi Íslands hf. þegar þeir eiga viðskipti. Með þessu er stuðlað að auknu markaðsaðhaldi, því hver sem er getur glöggvað sig á fruminnherjum einstakra fyrirtækja og fylgst með viðskiptum hans á Verðbréfaþinginu. Því til viðbótar gerir birtingin það að verkum að túlkun á því hverjir teljist fruminnherjar verður samræmd frá því sem nú er, því útgefendur verðbréfa geta borið sig saman við þá sem best standa að þessum málum.

Fjármálaeftirlitið hefur í fyrsta sinn í dag birt þá fruminnherjalista sem borist hafa. Jafnframt er birtur listi yfir þá útgefendur verðbréfa sem ekki hafa orðið við tilmælum Fjármálaeftirlitsins um að senda slíkan lista.

Einnig ber útgefendum skráðra verðbréfa að senda Fjármálaeftirlitinu lista yfir aðila sem eru fjárhagslega tengdir fruminnherjum og lista yfir aðra innherja, þ.e. innherja sem hafa stöðu sinnar vegna tímabundinn aðgang að trúnaðarupplýsingum. Sé listi yfir aðra innherja sendur Fjármálaeftirlitinu má gera ráð fyrir að trúnaðarupplýsingar séu fyrirliggjandi hjá viðkomandi útgefanda. Sá listi verður því ekki birtur opinberlega.

Þessu til viðbótar hefur Fjármálaeftirlitið gefið út leiðbeinandi tilmæli, nr. 2/2001, um efni reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja, sem stjórnum fyrirtækja sem gefa út skráð verðbréf ber að setja sér. Tilmælin hafa að geyma lágmarkskröfur um efni regnanna. Fjármálaeftirlitið hefur kallað eftir þessum reglum og vinnur nú að yfirferð þeirra.

Nefna má í þessu sambandi að stjórn Fjármálaeftirlitsins hefur nýlega sett sérstakar reglur um meðferð trúnaðarupplýsinga og verðbréfiðskipti starfsmanna og stjórnenda Fjármálaeftirlitsins. eru þær einnig birtar á heimasíðunni.

Gríðarlegur tími hefur farið í að undirbúa þessar breytingar og liðsinna útgefendum skráðra verðbréfa í þessu efni. Almennt verður að segja að útgefendur séu jákvæðir gagnvart þessu aðhaldi og hafi metnað til að standa vel að hlutum.

Með sömu breytingum á lögum um verðbréfiðskipti voru sett skýrari ákvæði um almennt útboð verðbréfa. Þessar breytingar styrkja eftirlit Fjármálaeftirlitsins auk þess sem því er falið það hlutverk að hafa umsjón með athugun á almennum útboðslýsingum, öðrum en þeim sem fela í sér skráningu í kauphöll. Eftir þessar breytingar verður Fjármálaeftirlitið betur í stakk búið til þess að hafa virkt eftirlit með útboðum verðbréfa. Hlutverk Fjármálaeftirlitsins við yfirferð útboðslýsinga styrkir einnig stöðu þess í eftirliti með Verðbréfaþingi Íslands hf. Nokkur mál er varða útboð verðbréfa hafa komið til athugunar hjá Fjármálaeftirlitinu.

Samhliða framangreindum verkefnum hefur Fjármálaeftirlitið byggt upp öflugara eftirlit með starfsháttum á verðbréfamarkaði. Fleira starfsfólk hefur verið ráðið til starfa og skipulögð markaðsvakt mótuð innan eftirlitsins. Með þessu er Fjármálaeftirlitið að byggja upp styrkara eftirlit með þingaðilum og öðrum fjármálafyrirtækjum sem starfa með einum eða öðrum hætti í tengslum við verðbréfamarkaðinn. Þannig byggir Fjármálaeftirlitið upp yfirsýn sem auðveldar úrlausn verkefna og stytir málsmeðferð. Ennfremur styður þessi hluti eftirlitsins við annað eftirlit á fjármálamarkaði, svo sem eftirlit með afkomu lánastofnana og eftirlit með fjárfestingum lífeyrissjóða.

Lítum þá á rekstur lífeyrissjóða og eftirlit með þeim.

Eftirlit með lífeyrissjóðum hefur einkennst af tvennu síðustu misseri. Í fyrsta lagi hefur mikill tími farið í umsagnir um veitingu starfsleyfa og staðfestingu á samþykktum lífeyrissjóða.

Í öðru lagi hefur Fjármálaeftirlitið lagt áherslu á eftirlit með fjárfestingum lífeyrissjóða. Eftirlitið miðar að því að ganga úr skugga um að lífeyrissjóðir séu innan þeirra marka sem lög kveða á um og bregðast við ef svo er ekki. Jafnframt beinist eftirlitið að því að til staðar sé viðeigandi áhættustýring sem stjórnendur hvers sjóðs nýti til þess að stýra fjárfestingum í samræmi við hagsmuni sjóðfélaga.

Athuganir Fjármálaeftirlitsins hafa leitt í ljós að fjárfestingar hafa ekki verið í samræmi við lög í nokkrum tilvikum. Þá hafa verið annmarkar á flokkun fjárfestinga. Fyrst og fremst reynir á heimildir til fjárfestinga í óskráðum verðbréfum, en leyfilegt hámark er 10% af hreinni eign til greiðslu lífeyris samkvæmt síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Raunar getur það verið í samræmi við lögina að vera yfir mörkunum þar sem lífeyrissjóðum var ekki skylt að selja verðbréf til að fullnægja fjárfestingartakmörkum ef þeir voru yfir mörkum við gildistöku laganna í júlí 1998. Þeim er hins vegar ekki heimilt að kaupa óskráð verðbréf á meðan þeir eru yfir lögbundnu hámarki. Þegar Fjármálaeftirlitið verður þess áskynja að fjárfestingar séu ekki í samræmi við lagaheimildir eru lífeyrissjóðir krafðir um úrbætur til að koma fjárfestingum í rétt horf.

Eðlilegt er að líta í þessu samhengi á rekstur lífeyrissjóða á síðasta ári. Rekstur þeirra hefur markast mjög af því hversu hægt hefur á verðbréfamarkaði. Þannig jókst hrein eign að raungildi um 5% á árinu 2000 í stað 20% árið áður. Raunávöxtun var neikvæð um 0,7% eftir að hafa verið um 12% árið áður og um 6,7% að meðaltali síðustu tíu ár. Raunar má gera ráð fyrir sveiflum íávöxtun lífeyrissjóða þegar horft er til þess að eignasamsetning þeirra hefur breyst á síðustu árum og hlutabréf og hlutdeildarskirteini verðbréfasjóða eru stærri þáttur eignasafnsins og metin á markaðsvirði.

Í tengslum við fjárfestingar lífeyrissjóða hefur Fjármálaeftirlitið leitast við að styrkja eftirlit með stjórnun þeirra. Það er reynsla Fjármálaeftirlitsins að í rekstri lífeyrissjóða megi stundum sjá þess merki að nokkuð skorti á nauðsynlegt aðhald sem flest fyrirtæki njóta frá eigendum sínum. Þetta stafar eflaust af því að sjóðfélagar hafa í flestum tilvikum takmarkaða möguleika til áhrifa á stjórnun viðkomandi sjóðs auk þess sem skyldaðild gerir það að verkum að hann getur ekki flutt réttindi sín, mislíki honum rekstur sjóðsins.

Vegna þessa hefur Fjármálaeftirlitið fyrir sitt leyti reynt að auka aðhald með stjórnun lífeyrissjóða og átt fundi með þeim til að ræða ábyrgð þeirra og hlutverk og atriði sem úrskaiðis hafa farið.

Í þessu tilviki eins og öðrum ber að forðast að draga alla í sama dilk, því rekstri lífeyrissjóða er mjög mismunandi farið.

Snúum okkur því næst að váttryggingamarkaði.

Verkefni Fjármálaeftirlitsins á váttryggingamarkaði hafa í meginatriðum verið þrenns konar. Í fyrsta lagi hafa umtalsverðar breytingar átt sér stað á íslenskum váttryggingamarkaði á tímabilinu, þar sem nokkur bátaábyrgðafélög og hafa hætt váttryggingarekstri og stofn þeirra verið fluttur. Jafnframt liggur fyrir að Samábyrgðin hf. sameinast Sjóvá Almennum tryggingum hf. um næstu áramót. Eftir þessar breytingar hefur starfandi váttryggingafélögum undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins fækkað úr 14 í 10 þó öll haldi þau enn formlegu starfsleyfi sínu.

Í öðru lagi hefur Fjármálaeftirlitið lagt talsverða vinnu í eftirlit með líftryggingafélögum og váttryggingamiðlurum. Við sölu líftrygginga skiptir höfuðmáli að upplýsingaskyldu sé sinnt og hefur Fjármálaeftirlitið haft áhyggjur af verklagi við sölu þessara trygginga. Líta ber einnig til þess að váttryggingamiðlun er ung starfsemi sem hefur farið ört vaxandi, einkum í tengslum við sölu líftrygginga. Í því ljósi er nauðsynlegt að fylgjast vel með þessari starfsemi og hefur Fjármálaeftirlitið látið til sín taka á þessu sviði. Þannig hafa nokkrar miðlanir lagt inn starfsleyfi sitt í kjölfar athugana Fjármálaeftirlitsins og eitt starfsleyfi hefur verið afturkallað.

Í þriðja lagi hefur eftirlit beinst að félögum sem bjóða ökutækjatrýggingar. Iðgjöld váttryggingafélaga í lögboðnum ökutækjatrýggingum hafa áfram verið til umfjöllunar, í kjölfar verulegra hækkana á iðgjöldum vorið 2000. Það var niðurstaða úr athugun Fjármálaeftirlitsins á síðasta ári að ekki væru forsendur til að grípa til aðgerða, enda hefðu váttryggingafélögin sýnt fram á aukinn tjónakostnað. Hins vegar taldi

Fjármálaeftirlitið brýnt að hvert váttryggingafélag tæki forsendur iðgjaldaákvörðana sinna til endurskoðunar um leið og frekari reynsla væri fengin.

Fróðlegt er að skoða þróun iðgjalda í helstu greinaflokkum skaðatrygginga. Myndin (*mynd 16 í ársskýrslu*) sýnir m.a. aukin iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum, en þó voru áhrif iðgjaldahækkana ekki komin fram að öllu leyti í lok árs 2000. Næsta mynd (*mynd 17 í ársskýrslu*) sýnir tjón ársins 2000 á verðlagi þess árs, en sú mynd sýnir aukningu tjónakostnaðar í flestum greinum.

Eðlilegt er að spurt sé nú í framhaldi af fyrri umræðu hver séu viðhorf Fjármálaeftirlitsins til iðgjaldastigsins nú. Svareið við því er áfram hið sama, að váttryggingafélögunum ber að endurmeta stöðu sína frá einum tíma til annars, með hliðsjón af reynslu. Þróun tjóna á fyrri hluta þessa árs gaf fyrirheit um að svigrúm gæti skapast til iðgjaldalækkana í lögboðnum ökutækjatryggingum. Samkvæmt upplýsingum váttryggingafélaganna hefur þessi þróun hins vegar ekki haldið áfram, því sjá megi aukningu í tjónum á ný.

Fjármálaeftirlitið hefur líka sagt það áður og ítrekar það nú að það telur að váttryggingafélögunum beri að rökstyða iðgjöld í lögboðnum ökutækjatryggingum ítarlega fyrir almenningi, með vísan til fyrri reynslu af iðgjöldum og tjónakostnaði, auk almennrar fjárhagsstöðu félaganna. Í ljósi þess að um verulega hagsmuni er að ræða fyrir viðskiptamenn váttryggingafélaganna og lögboðnar tryggingar eiga í hlut, er þetta ekki óeðlileg krafa. Fjármálaeftirlitið telur því að þörf sé á auknu gegnsæi í rekstri og reikningsskilum váttryggingafélaga. Í þessu sambandi má einnig horfa til þess að tjónaskuld váttryggingafélaga vegna lögboðinna ökutækjatrygginga er tæpur þriðjungur af efnahag þeirra.

Fjármálaeftirlitið mun áfram fylgjast með þróun þessara mála. Í því efni þarf m.a. að fylgjast með þróun tjónakostnaðar á seinni hluta þessa árs.

Ég hef nú stiklað á stóru í umfjöllun um einstök svið fjármálamarkaðar. Í framhaldi af því er rétt að fara nokkrum orðum um áherslur Fjármálaeftirlitsins næstu misseri.

Áhættustýring og innra eftirlit

Í fyrsta lagi mun Fjármálaeftirlitið áfram leggja áherslu á það hlutverk sitt að fylgjast með og stuðla að innra eftirliti og áhættustýringu í starfsemi fjármálafyrirtækja. Að í hverju fjármálafyrirtæki séu stjórnendur sem til þess eru bærir að búa fyrirtækinu sterkt skipulag, skýra stefnu, skilvirkar innri reglur og verkferla, viðeigandi upplýsingakerfi og innri endurskoðun. Þannig verði best tryggt að stjórnendur og starfsmenn geti metið áhættuna sem í starfsemiinni felst og stýrt henni í samræmi við styrkleika fyrirtækisins.

Þegar þrengir að í kjölfar mikils vaxtar á flestum sviðum fjármálamarkaðar mun koma í ljós hvar áhættustýring og innra eftirlit hefur verið í bestu horfi. Reynsla Fjármálaeftirlitsins er ótvírátt sú að áhættustýringu hefur verið mest ábótavant á nýjum sviðum fjármálaþjónustu og þar sem vöxturinn hefur verið mestur. Áhættustýring og innra eftirlit er að jafnaði í bestu horfi þar sem starfsemi fyrirtækis er rótgróin og byggð á reynslu, en nýjungar þróaðar öfgalaust í tengslum við hina

rótgrónu starfsemi. Því mun þeim vegna best næstu misseri sem hafa í starfsemi sinni lagt áherslu á það sem þeir kunna best.

Við þær aðstæður sem nú eru er enn mikilvægara en áður að gætt sé varkárni í starfsemi fjármálafyrirtækja og fylgst sé vel með áhættuþáttum í starfseminni, hvort sem um er að ræða markaðsáhættu eða útlánaáhættu. Hvoru tveggja er til staðar í rekstri flestra fjármálafyrirtækja, hvort sem um lánastofnanir, váttryggingafélög eða lífeyrissjóði er að ræða.

Starfshættir á markaði

Í öðru lagi mun Fjármálaeftirlitið leggja áherslu á eftirlit með starfsháttum á fjármálamarkaði. Fyrr í ræðu minni hef ég lýst auknu aðhaldi á verðbréfamarkaði. Brýnt er að huga einnig að starfsháttum á öðrum sviðum. Fjármálaeftirlitið hefur t.d. ástæðu til að ætla að úrbóta sé þörf í miðlun og sölu líftrygginga, en framboð og sala á söfnunarlíftryggingum hefur aukist mjög á síðustu árum. Fjármálaeftirlitið hefur hugað sérstaklega að upplýsingaskyldu váttryggingafélaga og váttryggingamiðlara í þessu efni. Til athugunar er hvort setja þurfi leiðbeinandi tilmæli sem útfæri nánar skyldur þessara aðila, umfram það sem kveðið er á um í lögum og reglum.

Markaðsaðhald

Í þriðja lagi leggur Fjármálaeftirlitið áherslu á að stuðla að auknu gegnsæi í starfsemi fjármálafyrirtækja. Með því skapast aukið aðhald af hálfu markaðarins, samhliða aðhaldi innra eftirlits og opinbers eftirlits með fjármálastarfsemi.

Mikilvægt er að Fjármálaeftirlitið hugi hér sérstaklega að reikningsskilum fjármálafyrirtækja. Stjórnarformaður hefur í ræðu sinni rakið breytingar sem brýnar eru og fyrirsjáanlegar í þessum efnunum. Hefur Fjármálaeftirlitið áður lýst opinberlega áformum sínum um að samræma reglur um mat á verðbréfum í reikningsskilum. Þá er mikilvægt að menn haldi jafnframt vöku sinni við framkvæmd núgildandi reglna, því ef þrengir að eykst hættan á að leitað sé leiða í túlkun reglna sem gefi betri mynd af fyrirtæki en ella.

Samkeppnishæfni fjármálamarkaðar

Í þriðja lagi er það ein af megináherslum Fjármálaeftirlitsins að stofnunin hafi hlutverki að gegna við að skapa hér samkeppnishæfan fjármálamarkað og taka þannig þátt í mótun hans.

Ein aðferð til að stuðla að þessu er að tryggja að starfsemi Fjármálaeftirlitsins og sú umgjörð sem því er búin, uppfylli grunnreglur um árangursríkt fjármálaeftirlit sem alþjóðasamtök fjármálaeftirlita á hverju sviði hafa sett sér. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur tekið Fjármálaeftirlitið út hvað þetta varðar og er sú athugun liður í skýrslu sem finna má á heimasíðu þess. Greint er frá meginniðurstöðum þeirrar athugunar í ársskýrslu þeirri sem hér liggur frammi. Í stuttu máli var það niðurstaða Alþjóðagjaldeyrissjóðsins að Fjármálaeftirlitið væri í góðri stöðu til að takast á við verkefni sín. Þó komu fram margar ábendingar og athugasemdir er varða bæði heimildir og stöðu Fjármálaeftirlitsins og einnig atriði sem varða innri starfsemi þess.

Nefna má tvær athugasemdir í þessu sambandi: Önnur þeirra er að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn taldi nauðsynlegt að styrkja heimildir Fjármálaeftirlitsins til að ákveða hærri eiginfjárlutföll hjá lánastofnunum í sérstakri áhættu. Hin er sú að

sjóðurinn taldi að fjölga þyrfti verulega sérfræðingum hjá eftirlitinu til það gæti sinnt hlutverki sínu til framtíðar. Í því sambandi hefur Fjármálaeftirlitið birt á heimasíðu sinni greinargerð um mat á starfsmannabörf, en greinargerðin er einnig fylgiskjal með rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem stjórnarformaður hefur áður vikið að.

Bæta má við þessa umfjöllun um þáttöku í samkeppnishæfni fjármálamarkaðar, að Fjármálaeftirlitið tekur þátt í erlendu samstarfi, en með því leitast það við að færa inn á íslenskan markað reynslu úr eftirliti annars staðar.

Þá er kynning á starfsemi Fjármálaeftirlitsins og viðhorfum þess liður í því að stuðla að samkeppnishæfni markaðarins.

Ágætu ársfundargestir,

Ég vil hér í lokin vekja athygli á nokkrum leiðbeinandi tilmælum og breytingum á reglum sem Fjármálaeftirlitið hefur sett eða eru í undirbúningi á vegum þess.

Fjármálaeftirlitið hefur samkvæmt lögum um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, heimild til að gefa út og birta opinberlega almenn leiðbeinandi tilmæli um starfsemi eftirlitsskyldra aðila. Fjármálaeftirlitið setur einnig reglur á grundvelli laga um nánar tilgreind atriði. Við undirbúning tilmæla eða reglna sendir Fjármálaeftirlitið þeim drög til umsagnar sem reglurnar taka til. Jafnframt birtir Fjármálaeftirlitið viðkomandi drög á heimasíðu sinni undir samheitinu umræðuskjal, en með því gefst öllum sem áhuga hafa kostur á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Rétt er að vekja athygli á að eftirfarandi tilmælum sem finna má á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins:

- Í fyrsta lagi eru tilmæli nr. 1/2001 um efni reglna fjármálafyrirtækja, þ.e. fyrirtækja í verðbréfabjónustu og lánastofnana, sem áður hefur verið vikið að.
- Í öðru lagi eru tilmæli nr. 2/2001 um efni reglna um meðferð trúnaðarupplýsinga og viðskipti innherja, sem ég hef einnig fjallað um hér að framan.
- Í þriðja lagi eru tilmæli nr. 3/2001, sem sett voru í gær og varða túlkun á 55. gr. laga um viðskiptabanka og sparisjóði. Í tilmælunum kemur fram sá skilningur Fjármálaeftirlitsins að lánastofnunum beri við útreiking eiginfjárlutfalls að draga frá eignarhlut sinn í öðrum fjármálafyrirtækjum, óháð því hvort hann er í veltubók eða fjárfestingarbók. Nokkuð hefur borið á því að þetta sé ekki gert.

Þá vil ég vekja athygli á nokkrum umræðuskjölum sem birt hafa verið nýlega á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins og hafa að geyma drög að leiðbeinandi tilmælum eða reglum sem eru í undirbúningi.

- Í fyrsta lagi er umræðuskjal nr. 4/2001, þar sem sett eru fram drög að breytingum á reglum um mat á afskriftum. Þær reglur er að finna í viðauka með reglum um ársreikninga lánastofnana. Með breytingunum er leitast við að bæta verklag við mat á afskriftum.
- Í öðru lagi er umræðuskjal nr. 5/2001, en þar eru birt drög að breytingu á reglum um eiginfjárlutfall lánastofnana og fyrirtækja í verðbréfabjónustu.
- Í þriðja lagi er umræðuskjal nr. 6/2001, sem hefur að geyma drög að leiðbeinandi tilmælum um birtingu upplýsinga um fjármálaskjöl og önnur atriði til viðbótar birtingu samkvæmt reglum um ársreikninga lánastofnana. Tilmælin eru efnislega samhljóða tilmælum Evrópusambandsins um þetta efni.

- Í fjórða lagi er umræðuskjal nr. 7/2001, þar sem birt eru drög að tilmælum um innra eftirlit og áhættustýringu hjá fjármálafyrirtækjum. Um er að ræða lágmarkskröfur um þetta efni þar sem sérstök áhersla er lögð á ábyrgð og skyldur stjórnara og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja.
- Í fimmta lagi er umræðuskjal nr. 8/2001, um drög að leiðbeinandi tilmælum um rétt tjónþola til bótagreiðslu með fyrirvara, en nokkuð hefur borið á mismunandi framkvæmd váttryggingafélaga á lagaskyldu um þetta efni.

Öll þessi drög að tilmælum eða reglum liggja nú frammi á heimasíðunni til umsagnar og er áhugasömum bent á að koma ábendingum á framfæri.

Góðir ársfundargestir,

Fjármálaeftirlitið hefur á fyrstu starfsárum sínum mótað starfsemi sína og efnistökgagnvart fjármálamarkaði. Þeirri mótun er ekki lokið og mun eflaust aldrei ljúka að fullu. Eins og áður stendur metnaður Fjármálaeftirlitsins til þess að verða betri og betri í því að taka á málum og leysa þau fljótt og vel. Í samræmi þetta hafa umfjöllunarefni þessara ársfunda færst frá því að vera lýsing á áformum til þess að vera í meira mæli frásögn af aðgerðum. Það er vísbending um að Fjármálaeftirlitið sé að ná fötfestu á íslenskum fjármálamarkaði.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórn Fjármálaeftirlitsins og viðskiptavinum Fjármálaeftirlitsins gott samstarf með von um að áframhald verði þar á.

**Ávarp stjórnarformanns
á ársfundi Fjármálaeftirlitsins
18. október 2001**

Góðir fundargestir,

Það er mér sönn ánægja að bjóða ykkur velkomin til þessa þriðja ársfundar Fjármálaeftirlitsins. Að venju eru á dagskrá fundarins tvö erindi, annað flyt ég fyrir hönd stjórnar eftirlitsins en hitt Páll Gunnar Pálsson, forstjóri. Í erindi mínu mun ég einkum fjalla um tvennt, núverandi ástand regluverks um skráningu verðbréfa og fyrirséðar breytingar í þeim efnunum og hins vegar um rekstur stofnunarinnar, þar sem ég skýri helstu atriðin úr reikningsskilum eftirlitsins og áætlanagerð þess fyrir næsta starfsár. Páll mun hins vegar gera grein fyrir starfsemi eftirlitsins að öðru leyti á síðasta ári.

Í heimi þeirra sem ánægju hafa af þælingum um afkomu- og efnahagsmælingar fyrirtækja og stofnana hefur fátt verið eins fyrirferðarmikið í umræðunni um það efni á síðasta áratug og skráning verðbréfa. Mér sýnist að vísu að hér á landi hafi umræðan farið hljóðlegar fram en á erlendum vettvangi, en þó hafa heyrst raddir um að hyggja þurfi að þessu þýðingarmikla máli og það fyrir en síðar. Ég ætla í nokkrum orðum að skýra hvernig íslensk lög og reglur gera ráð fyrir að farið sé með þessa efnahagsliði og í framhaldi af því að gera að umtalsefni það lögbundna ósamræmi sem rekstraráðilum er gert að búa við eftir því hvers konar starfsemi þeir stunda. Þá mun ég gera grein fyrir þeim erlendu lausnum, sem fram hafa verið settar um skráningu verðbréfa, fyrst af Bandaríkjamönnum en síðar af hálfu Alþjóðlega reikningsskilaráðsins. Loks mun ég gera stutta grein fyrir þeim annmörkum sem menn sjá nú þegar á regluverkinu, eins og það stendur um þessar mundir, og hvaða hugmyndir eru uppi um breytingar á næstu misserum. Allt þetta hefur að mínum dómi þýðingu hér á landi vegna þess að meiri skilningur ríkir nú í heiminum almennt um þýðingu þess að reglur um reikningsskil fyrirtækja, sérstaklega á markaði, séu samræmdar. Þá er auðvitað engin ástæða til þess fyrir okkur að frumsemja reglur á hvorki þessu sviði reikningsskila né öðrum. Þrýðilegar reglur til að stunda afkomu- og efnahagsmælingar liggja fyrir hjá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu, og þeirri árattu, leyfi ég mér að segja, að sérsníða reglur fyrir íslenskar aðstæður er eitthvað sem við verðum að hætta.

Lög um ársreikninga voru sett hér á landi á árinu 1994 og eru þau að stofni til byggð á tilskipunum Evrópusambandsins, þ.e. tilskipun nr. 4 og nr. 7. Sú fyrri fjallar um reikningsskil almennt en sú seinni um samstæðureikningsskil. Með því að Ísland hafði gerst aðili að samningum um Evrópska efnahagssvæðið, þá bar stjórnvöldum skylda til þess að lögleiða efni þessara tilskipana og var það gert með umræddum lögum. Í öllum meginatriðum var byggt á tilskipunum við samningu íslensku laganna en í nokkrum greinum þótti þó ástæða til þess að lögleiða síði sem hér höfðu verið tíðkaðir, eins og t.d. að leiðrétta reikningsskil fyrir áhrifum verðbólgu. Tilskipunin nr. 4 var samin á miðjum áttunda áratugnum og var, eins og oft vill verða, barns síns tíma á tíunda áratugnum, þegar íslensku lögini voru samin. Við samningu laganna var hins vegar ekki að mínum dómi tekið nægilegt tillit til þeirrar þróunar, sem átt hafði sér stað á þessu sviði tuttugu árin þarna á milli. Fyrir vikið voru lögini úrelt í mörgum greinum um leið og þau voru

samþykkt. Norðmenn sem voru í sömu sporum og við um miðjan tíunda áratuginn að þessu leyti fóru öðru vísi að. Þeirra löggjöf tók mið af tilskipunum en einnig var í verulegum mæli horft til alþjóðlegra reglna, eða eins og það var orðað í skýrslu til Stórhólfingsins, þá var frumvarpið sem lagt var fram byggt á hinum bestu alþjóðlegu reglum (e. best global practises). Danir samþykktu á miðju þessu ári nýja löggjöf um ársreikninga fyrirtækja og byggist hún einnig að verulegu leyti á hinum alþjóðlegu reglum. Það er því orðið nokkuð brýnt að íslensku ársreikningalögin verði endurskoðuð, svo að koma megi í veg fyrir það ósamræmi í skráningu verðbréfa sem ég ætla nú að gera grein fyrir, og sams konar ósamræmi er raunar á öðrum sviðum reikningsskila.

Samkvæmt íslensku ársreikningalögunum gilda eftirfarandi reglur um skráningu verðbréfa og gilda þær í öllum meginatriðum einnig fyrir eftirlitsskylda aðila:

- 1) skammtímaverðbréf má annað hvort færa á markaðsverði eða upphaflegu kaupverði en heimildin tekur aðeins til verðbréfa á opinberu verðbréfaþingi og gildir þá einu hvort markaðsverðið er hærra eða lægra en upphaflega kaupverðið,
- 2) skammtímaverðbréf sem ekki eru á opinberu verðbréfaþingi skal skrá við upphaflegu kaupverði en þau skulu sæta niðurfærslu sé þess sérstök þörf,
- 3) langtímaverðbréf skal færa á upphaflegu kaupverði, hvort sem þau eru á markaði eða ekki.

Beiti fyrirtæki þeim kosti að skrá markaðsverðbréf á markaðsverði fremur en kaupverði, þegar svo háttar til að markaðsverðið er hærra en kaupverðið, þá eru lög og reglur óskýrar um það hvernig skuli færa matsbreytingamar. Hvort tveggja sýnist vera heimilt, þ.e. að færa matsbreytinguna í rekstrarreikning eða á eigið fé. Seinni kosturinn væri raunar í samræmi við reglur Evrópusambandsins, eins og þær hafa verið, enda gera tilskipanir þess ráð fyrir að hagnaður í rekstrarreikningi sýni innleysta afkomu, eins og það er stundum orðað. Í þessu sambandi þykir einnig rétt að vekja athygli á því að ósamræmi er á milli laga um ársreikninga og skattalaga um skráningu markaðsskuldabréfa. Þau ber samkvæmt skattalögum að skrá á markaðsverði en það er ekki heimilt þegar um langtímaskuldabréf er að ræða samkvæmt ákvæðum laga um ársreikninga.

Tveir megingallar eru á þessum reglum. Annar er sá að fyrirtæki skuli hafa val um það hvort þau skrá eignir á markaðsverði eða kaupverði, þegar um skammtímaverðbréf er að ræða. Reglur Fjármálaeftirlitsins bjóða einnig upp á báða kostina, þ.e. gagnvart þeim aðilum sem eftirlitið beinist að, en þeir geta þó ekki valið á milli kostanna tveggja. Samkvæmt þessu gilda ekki sömu reglur um skráningu veltuskuldabréfa eða veltuhlutabréfa hjá innlánsstofnunum og váttryggingafélögum svo dæmi sé tekið; öðrum aðilanum ber að nota markaðsverð en hinum kostnaðarverð. Hinn gallinn er sá að langtímabréf er ekki unnt að skrá á markaðsverði, en sá háttur er nú orðinn viðurkenndur samkvæmt þeim erlendu reglum sem ég skýri hér á eftir. Í þessu sambandi má einnig benda á, að óskýrt er hvernig skuli beita reglunni kostnaðarverð eða markaðsverð, hvort sem lægra reynist en það er regla sem gildir um langtímahlutabréf og óskráð veltuhluta- og skuldabréf. Ýmist er því, hvort reglunni er beitt gagnvart heildarsafni verðbréfa í viðkomandi flokkum eða gagnvart hverju bréfi fyrir sig. Þær reglur báðar voru raunar í boði samkvæmt alþjóðlegum reglum en þær eru ekki lengur í gildi.

En snúum okkur þá að þeim reglum sem samþykktar hafa verið erlendis eftir margra ára streð um þetta mál. Upphaf málsins má rekja til Bandaríkjamanna, sem gerðu sér grein fyrir því í framhaldi af erfiðleikum sparisjóðanna þar í landi á áttunda og níunda áratugnum að reglurnar voru slæmar. Í fyrsta lagi þurftu sparisjóðirnir að selja verðbréf til þess að fá að skýra frá hagnaði af þeim, sem leiddi iðulega til þess að þeir seldu verðbréf sem höfðu hækkað í verði en héldu í hin. Bókhaldsvenjur voru samkvæmt þessu farnar að hafa áhrif á fjárfestingarstefnu sparisjóðanna. Í annan stað létu þeir hjá líða að færa verðbréf niður í verði, þótt markaðsverðið væri lægra en kaupverð í trausti þess að þau kynnu að hækka síðar, a.m.k. var aðgerðarleysið varið þannig. Einmitt þessar tvær reglur gilda samkvæmt íslenskum lögum um ársreikninga, þó að reglur um innlánsstofnanir séu að vísu betri, því reglunni um kaupverð eða markaðsverð, hvort sem lægra reynist, verður að beita hjá þeim.

Megintóninn í hinum nýju erlendu reglum um skráningu verðbréfa er sá að horfið er frá þeirri grundvallarreglu reikningsskila, sem gilt hefur í 500 ár, að miða skráningu eigna við kaupverð. Þess í stað skal miða skráningu þessara eigna við markaðsverð í nærfellt öllum tilvikum. Um það mál var að vísu ekki full sátt á sínum tíma, því sumir óttuðust að markaðssveiflur hefðu afdrifaríkari áhrif en ella ef skráningin miðast við markaðsverð fremur en kaupverð. Seðlabankastjórinn Allan Greenspan var m.a. þeirrar skoðunar. En þrátt fyrir varnaðarorð hans og annarra var niðurstaðan sú að miða við markaðsverð nema á skuldabréf sem enginn ásetningur var um að selja. Flokkun verðbréfa er eftirfarandi og gilda sömu reglur í þessu efni samkvæmt reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins, þ.e. staðli um fjármálaskjöl hvers konar (e. financial instruments), sem er nr. 39:

- 1) virk markaðsskuldabréf (e. trading securities) skal skrá á markaðsverði og matsbreytingu skal færa í rekstrarreikning,
- 2) skuldabréf sem til stendur að innheimta á líftíma viðkomandi bréfs (e. held-to-maturity securities) skal skrá miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu,
- 3) önnur verðbréf (e. available-for-sale securities) skal skrá á markaðsverði en matsbreytingu þeirra skal færa á eigið fé sem sjálfstæðan lið, hvort sem matsbreytingin er til hækkunar eða lækkunar frá upphaflegu kaupverði.

Þessa nýju reglur hefur Evrópusambandið nú samþykkt fyrir sitt leyti og gert viðeigandi breytingar á tilskipunum sínum um reikningsskil. Samkvæmt því ber íslenskum stjórnvöldum að gera breytingar á íslenskri löggjöf til að samræmi sé milli íslenskra og erlendra lagafyrirmæla að þessu leyti. Mér er ekki kunnugt um hvort vinna hefur farið af stað vegna þessa máls hjá íslenskum stjórnvöldum en máli skiptir að mínum dómi að það gerist sem fyrst. Raunar skiptir einnig máli að íslensk fyrirtæki á verðbréfaþinginu geri sér grein fyrir þeim skuldbindingum sem kunna að hvíla á þeim gagnvart því að semja samstæðureikningsskil samkvæmt reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins fyrir 2005, hvort sem lögum verður breytt eða ekki, eða svo sýnist mér texti frá Evrópusambandinu vera. Það þýðir í raun að fyrirtækin verða einnig að semja slík reikningsskil fyrir árið 2004, því að öðrum kosti geta þau ekki birt samanburðarfjárhæðir á grundvelli reglna alþjóðlegu nefndarinnar í reikningsskilum sínum fyrir árið 2005. Það sýnist því ýmislegt ógert í lagasmíð á næstu misserum um gerð reikningsskila hér á landi.

Í reglum Alþjóðlega reikningsskilaráðsins er ekki aðeins fjallað um skráningu verðbréfa hvers konar, heldur einnig ýmsa fjármálasamninga sem aðilar kunna að gera. Þeir geta verið þess efnis, t.d. sumir afleiðusamningar að þeir hafa ekkert kaupverð en geta samt haft markaðsverð, sem sýnir berlega hversu nauðsynlegt er að hverfa frá reglunni um upphaflegt kaupverð í tilviki verðbréfa og fjármálasamninga og taka í notkun regluna um markaðsverð (e. fair value).

Eitt af því, sem skapraunað hefur ýmsum í sambandi við þessar nýju reglur, er, að nú er horfið það rökræna samband sem verið hefur á milli rekstrarreiknings og efnahagsreiknings í upphafi og lok tímabils. Það stafar af því að matsbreytingar langtímaverðbréfa eru ekki tekjufærðar, heldur eru þær færðar á eigið fé og mynda þar hluta af heildarafkomu eins og hún er kölluð (e. comprehensive income). Það stefnir þó í, að því verði breytt á næstu misserum og breytingar á óinnlestum hagnaði af langtímaverðbréfum færast einnig á rekstur en það er óheimilt í dag, þó eru þess ófá dæmi.

Um leið og ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir helstu reglum um skráningu verðbréfa sem gilda erlendis, en reglur þessar frá Alþjóðlega reikningsskilaráðinu eru á um 600 blaðsíðum að meðtöldum skýringardæmum, þá er ekki úr vegi að skýra frá því að nú hillir undir að þeim verði breytt. Þannig er að engilsaxneskar þjóðir hafa gefið út drög að nýjum reglum um skráningu verðbréfa, sem stefnt er að setja á árinu 2003. Ástæðan til þess er m.a. sú, að óánægja hefur verið með ofangreinda flokkun verðbréfa, sérstaklega þá reglu að einn flokkinn, langtímaskuldabréf, megi skrá miðað við upphaflega kaupkröfu.

Samkvæmt drögumnum verða allar peningalegar eignir og skuldir skráðar á markaðsverði. Reglunni yrði sem sé ekki aðeins beitt á verðbréfaeignir, eins og ég hef fjallað um hér að framan, heldur tæki hún einnig til skulda. Það væri býsna röttæk breyting, en í sjálfu sér rökrétt, sérstaklega ef lán eru tekin til að fjármagna verðbréfaeignir sem skrá skal á markaðsverði. Hingað til hefur sú regla gilt um skuldir að skrá þær miðað við upphafleg viðskiptakjör. Verðgildi skulda hefur því samkvæmt reglum reikningshalds ekki komið fram í efnahagsreikningi, en það breytist þó með vaxtabreytingum á markaði. Þá stefna þessar þjóðir einnig að því að afnema svokallaða áhættuvarnarskráningu (e. hedge accounting) og allar matsbreytingar, hvort sem um áhættuskráningu er að ræða eða ekki, skulu færðar í rekstrarreikning en ekki skáskotüð framhjá rekstrarreikningi um eigið fé eins og nú er heimilt.

Læt þá staðar numið um þennan þátt máls míns en vonandi er ljóst af þessum orðum að verulegra breytinga er að vænta í skráningu verðbréfa á næstu misserum ef að líkum lætur og því kaus ég að gera þær að umtalsefni á þessum vettvangi. Þá er einnig ljóst að þessar breytingar munu hafa mikil áhrif á birta afkomu fyrirtækja og annarra uppgjörsaðila, þ.á.m. lánastofnana. Rétt þykir að taka fram, að Evrópusambandið hefur ekki enn samþykkt reglubreytingu að þessu leyti gagnvart váttryggingafélögum en búast má við að það verði gert og eigi síðar en Alþjóðlega reikningsskilaráðið hefur sett reglur um reikningsskil þeirra, en sú vinna er þegar hafin. Það er mat sumra að núverandi reglur hjá

Þessum félögum séu ekki nógu góður mælikvarði á ávöxtun fjárfestingar í verðbréfum, eins þýðingarmikil og sú mæling hlýtur þó að vera í reikningskilum váttryggingarfélagi.

Þá nokkur orð um rekstur Fjármálaeftirlitsins á árinu 2000. Samkvæmt lögum um Fjármálaeftirlitið skal stjórn þess fylgjast með rekstrinum en það gerir hún m.a. með reglulegum samanburði á áætlunum og framvindu rekstrar. Í upphaflegri spá var ráðgert að tekjur fyrir árið 2000 yrðu um 185 millj. kr. en þær reyndust verða 192 millj. kr. og skýrist mismunurinn af auknum tekjum vegna nýrra eftirlitsskyldra aðila en einnig af hækkun lágmarksgjalda. Þá var áætlað að rekstrarkostnaður yrði alls 203 millj. kr. en reyndist verða 178 millj. kr. og munar þar 25 millj. kr., sem skýrist nær eingöngu af launakostnaði, en hann var þessari fjárhæð lægri en áætlun sagði til um vegna þess að spár um mannaflaaukningu gengu ekki eftir. Loks fékk Fjármálaeftirlitið aukalega 3 millj. kr. sem framlag úr ríkissjóði. Þessi þrjú atriði skýra hvers vegna spá um tap að fjárhæð 18 millj. kr. varð að tekjuafgangi að fjárhæð 17 millj. kr. fyrir árið 2000.

Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign 52 millj. kr. sem skýrist af peningalegum eignum að fjárhæð 54 millj. kr. og þar af nemur bankainnstæða 52 millj. kr. en skuldum að fjárhæð 2 millj. kr. Þessi söfnun eigin fjár stafar af því að rekstrarafkoma hefur reynst önnur en spár hafa gert ráð fyrir þau tvö ár sem rekstur Fjármálaeftirlitsins hafði staðið yfir í árslok 2000. Í endurskoðaðri áætlun fyrir árið 2001 er gert ráð fyrir að hrein eign verði um 45 millj. kr. í lok þess árs. Sú eignastaða leiðir til þess að Fjármálaeftirlitið gerir ráð fyrir lækkingu álagningarhlutfalla í skýrslu til viðskiptaráðherra um áætlaðan rekstrarkostnað fyrir árið 2002, jafnvel þótt gert sé ráð fyrir nokkurri hækkun á rekstrarkostnaði sem einkum skýrist af breytingum á launa- og húsnæðiskostnaði.

Í greinargerð með umræddri skýrslu til ráðherra koma fram greinargóð rök fyrir aukningu á starfsemi eftirlitsins. Þar kemur m.a. fram að í áætluninni fyrir árið 2002 er gert ráð fyrir að starfsmenn eftirlitsins verði orðnir 33 í lok þess árs en þeir eru nú 28 en voru 25 á árinu 2000. Það er skoðun stjórnar að þýðingarmikið sé við mat á starfsmannaaukningu eftirlitsins að hafa m.a. eftirtalin atriði í huga, en á þeim er vakin athygli í sérstakri greinargerð um mannaflapörf sem fylgdi skýrslu til viðskiptaráðherra vegna rekstraráætlunar fyrir árið 2002. Gífurlegar breytingar hafa orðið á starfsemi fjármálafyrirtækja sem eftirlitið verður að fylgja eftir og hið sama er að segja um verðbréfamarkaðinn. Löggjafinn hefur fengið eftirlitinu aukin verkefni með nýlegum lagabreytingum. Þá hefur eftirspurn fjármálafyrirtækja og viðskiptamanna þeirra eftir liðsinni eftirlitsins aukist verulega. Samkvæmt áliti Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þarf að auka reglusmíðarhlutverk eftirlitsins og einnig nefnir sjóðurinn að nauðsynlegt sé að eftirlitið sinni svonefndu stjórnendaeftirliti í ríkari mæli en gert hefur verið. Það var einnig mat starfsmanna sjóðsins að auka þurfi eftirlit á rekstrarstöðvum eftirlitsskyldra aðila sem og eftirlit sem unnið er á starfstöð eftirlitsins sjálfs. Stjórn Fjármálaeftirlitsins telur að þessum verkefnum verði að gera góð skil og áætlanir eftirlitsins miðast við að þeim sé vel sinnt, þótt hvergi nærri sé, að eftirlitið samþykki fyrir sitt leyti að tvöfalda þurfi mannaflann eins og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn telur raunar nauðsynlegt.

Fjármálaeftirlitið

Góðir fundarmenn,

Það er von stjórnar Fjármálaeftirlitsins og starfsmanna þess að eftirlitsumhverfið geri sér skýra grein fyrir nauðsyn þess að gott eftirlit sé með íslenskum fjármálamarkaði. Verkefnið eru næg og þá er ekki síður mikilvægt að hjá eftirlitinu starfi menn og konur sem hafi yfirgripsmikla þekkingu á öllum nauðsynlegum sviðum og fái þá umbun fyrir störf sín sem tryggir að svo megi vera. Að svo mæltu vil ég þakka stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum öllum sem og eftirlitsskyldum aðilum fyrir gott samstarf á árinu. Nú tekur til máls forstjóri Fjármálaeftirlitsins, Páll Gunnar Pálsson.

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

Alþingi
Erindi nr. P 127/330
komudagur 4.12.2001

Nefndasvið Alþingis
b.t. Sigrúnar B. Einarsdóttur nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

3. desember 2001

Tilvísun: 2001110041


Efni: Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit.

Fjármálaeftirlitið vísar til bréfs yðar, dags. 14. nóvember sl., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál, eftirlitsgjald.


Efni frumvarpsins er í samræmi við rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir næsta ár og tillögur um álagningarstofna. Því gerir Fjármálaeftirlitið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ



Páll Gunnar Pálsson



Hannes J. Hafstein

Til: efnahags- og viðskiptanefndar
Frá: Fjármálaeftirlitinu

Óskað hefur verið eftir álitum fjármálaeftirlitsins á tillögum viðskiptaráðuneytis um breytingar á frumvarpi til laga um greiðslu kostnaðar við fjármálaeftirlit. Tillögurnar fela í sér lækkun á eftirlitsgjaldi vegna kauphalla, meiri afslátt eftirlitsgjalds vegna dótturfyrirtækja í eigu fjármálafyrirtækja og lækkun lágmarksgjalds vegna váttryggingamiðlara. Í tillögunum er ekki gert ráð fyrir breytingum á öðrum liðum frumvarpsins og því hafa fyrrgreindar breytingar í för með sér lækkun á áætluðu rekstrarumfangi á næsta ári sem nemur um 3,5 milljónum króna.

Vegna lækkunar á lágmarksgjaldi vegna váttryggingamiðlara vill fjármálaeftirlitið taka fram að það hefur áður látið í ljós það álit sitt að kostnaður vegna eftirlits með váttryggingamiðlurum og váttryggingamiðlunum sé talsvert meiri en sem nemur lágmarksgjaldi, en þessir aðilar greiða allir lágmarksgjald. Það er hins vegar rétt sem fram hefur komið að aðstaða og umfang váttryggingamiðlara er mjög mismunandi. FME hefur skilning á því að komið verði til móts við smæstu aðilana. FME telur koma til greina að við undirbúning álagningar vegna ársins 2003 verði leitað leiða til að flokka váttryggingamiðlara og eftirlitsgjalds vegna þeirra eftir stærð eða umfangi.

FME gerir ekki athugasemdir við tillögur ráðuneytisins um lækkun eftirlitsgjalds vegna dótturfyrirtækja og VPÍ.

Hvað lækkun áætlaðs rekstrarkostnaðs varðar vill Fjármálaeftirlitið taka fram að það byggði áætlun sína á ítarlegu mati, meðal annars á starfsmannabörf. FME stendur við mat það sem felst í tillögum þess að rekstraráætlun sem liggur til grundvallar upphaflegu frumvarpi.

Sé það hins vegar mat ráðuneytisins og efnahags- og viðskiptanefndar að lækkun á áætluðum rekstrarkostnaði skv. framkomnum tillögum sé nauðsynleg, beygir FME sig að sjálfsögðu undir það mat.

Virðingarfyllt,

f.h. Páls Gunnars Pálssonar
Laufey Guðmundsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 127/445
komudagur 10.12.2001



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Vilhjálmur Egilsson, formaður,
150 Reykjavík

HAGALL

10.12.01

Ég þakka góðan fund með nefndinni um Fjármálaeftirlitið og gjöld til þess. Ég heyrir að erindi mitt hefur komist til skila og þakka ég nefndarmönnum góðan skilning. Vegna þess hve efni fundarins var viðtækt tók ég ekki þátt í umræðum nema til að svara fyrirspurn. Þess í stað vil ég fylgja málinu eftir með nokkrum línunum.

Forstjóri eftirlitsins lýsti yfir velvilja gagnvart erindi mínu. Framkvæmdin virtist hinsvegar valda honum áhyggjum. Það kemur mér á óvart. Eftirlitið hefur allt sem til þarf til að þekkja muninn á einstaklingum í váttryggingamiðlun og félögum, einkum því sem ég kalla sölustofur miðlara.

Eftirlitið þekkir vel vinnubrögð á hverjum stað. Það veit hvaða miðlarar annast sjálfir ráðgjöf og eftirþjónustu, og hverjir gera út ófaglært sölufólk.

Eftirlitið fær í hendur ársreikninga sem væntanlega sýna verulegan mismun á tekjum eins manns útgerðar og sölustofu með tugi starfsmanna.

Á nýlegum ársfundi vakti forstjóri eftirlitsins sérstaka athygli á vandamáli sem tengjast váttryggingamiðlun. Ég tel að þessi vandamál eigi ekki við um einstaklinga í miðlun og hafna því að þeim beri að taka fjárhagslegan þátt í lausn þeirra.

Þessi vandamál tengjast því fyrirbæri, sem ég kalla sölustofur. Þær spruttu upp um leið og miðlun var gefin frjáls. Starfsaðferðir þeirra eru um margt í hróplegri andstöðu við grundvallarhugmyndina um starfsemi miðlara. Nú eru vandamálín að koma fram. Ekki vegna framgöngu eftirlitsins heldur vegna áhrifa keðjubréfalögmálsins. Ég reyndi að koma því til viðskiptaráðherra á sínum tíma hver hætta væri þessu fylgjandi.

Það er ákveðin skoðun mín að fenginni 10 ára reynslu af tryggingamiðlun að fagið eigi sér einkum framtíð í höndum sérfróðra einstaklinga sem starfa með fjölskyldum og fyrirtækjum á langtímagrundvelli.

Alþingi ætti að stuðla að því að reyndir menn sem hverfa úr ábyrgðarstöðum hjá fyrirtækjum á trygginga- og fjármálamarkaði geti haslað sér völl á þessu sviði. Núverandi gjaldtaka kemur verst við einstaklingana og vinnur gegn slíkri þróun.

Ég vil nú svara Einari K. Guðfimmssyni efnislega, að athuguðu máli og geri svohljóðandi tillögu um lágmarksgjald einstaklinga til fjármálaeftirlits:

Einstaklingar í váttryggingamiðlun með árstekjur sem nema minna en 10% af grundvelli lágmarksgjalds greiði 10% af almennu lágmarksgjaldi.

Með virðingu,

Árni Reynisson ehf • Túngata 5, Pósthólf 1166, 121 Reykjavík • sími 55 11 11 0 • hagall@simnet.is


Kt. 541200-2820 • Íslandsbanki: 515 26 402295

Alþingi
Erindi nr. P 127/327
komudagur 4.12.2001

Hagall, Árni Reynisson ehf
Vátryggingamiðlun
Insurance Intermediaries

Sími/Phone 354 - 55 11 11 0
Símbref/Fax 354 - 55 11 123
hagall@simnet.is

Túngata 5
Pósthólf/P.O.Box 1166,
121 Reykjavík, Iceland



Alþingi, efnahags- og viðskiptanefnd,
Vilhjálmur Egilsson, formaður,
Alþingishúsinu, 101 Reykjavík.

3.12.2001

Virðulega þingnefnd,

Ég óska þess að breyting verði gerð á frumvarpi til laga um br. á lögum 99/1999 um greiðslur eftirlitsskyldra aðila til fjármálaeftirlits.

Lágmarksgjald til eftirlitsins er í frumvarpinu ákveðið kr. 200.000. Það hefur hækkað í stórum skrefum úr kr. 25.000 árið 1996 í umrædda fjárhæð á sl. ári.

Við ákvörðun lágmarks hlýtur að vera miðað við lágsta punkt, það er minnstu einingar sem undir löggin heyra. Í 3ja tölulið fyrstu greinar eru nefnd félög eða einstaklingar sem stunda tryggingamiðlun. Vátryggingamiðlun á Íslandi stunda einkum þrens konar aðilar sbr. skrá í ársskýrslu Fme. 2001:

Fyrst má nefna erlenda miðlara, þar á meðal er stærstu miðlun heims, sem hafa hér víðtæka samninga í flugsamgöngum og sjálfsagt öðrum alþjóðlegum greinum.

Í öðru lagi íslenskar sölustofur undir forystu miðlara, sem byggja á atorku ólærðra sölumanna, sem geta skipt tugum á hverjum stað. Þessar stofur mótast af söludeildum íslenskra tryggingafélaga enda upphaflega stofnaðar af fyrrverandi starfsmönnum þeirra.

Í þriðja lagi einstaklinga sem starfa einir líkt og sjálfstætt starfandi sérfræðingar, svo sem endurskoðendur, tannlæknar eða lögfræðingar. Slíkir miðlarar þjóna meira og minna föstum kjarna viðskiptavina á langtímagrundvelli. Miðlari sem vinnur einn hefur álika tekjuhorfur og sérfræðingar í umræddum greinum.

Tekjugrunnur þessarra þriggja hópa er þannig mjög mismunandi. Hinsvegar miðast grunngjaldið við iðgjaldatekjur allt að 458 milljónum. Það þýðir að sama fjárhæð er lögð á félag með iðgjaldatekjur sem nema 450 milljónum og einstakling sem veltir 10 milljónum króna á ári.

Ekki verður séð að nein eftirlitsskyld grein sérfræðinga beri neitt svipað gjald og einstaklingar í tryggingamiðlun. Starfsábyrgðartrygging miðlara kostar nú 100.000 kr. ofan á eftirlitsgjaldið og má þannig segja að einstaklingur í miðlun greiði 25.000 krónur á mánuði í tilveruskatt. Það er margföld sú tala sem hliðstæðar stéttir greiða.

Fjármálaeftirlitið hefur undanfarin tvö ár fengið úr skattstofni þessum 51.863.893 kr. hærri fjárhæð en það hefur haft þörf fyrir, og ber nú að skila þeim ofteknu fjármunum aftur. En að óbreyttu lágmarksgjaldi munu þeir sem greiða hlutfallslega lang mest ekki fá neitt af því. Mér sýnist að ég hafi greitt liðlega eitt prómill af heildarkostnaði við eftirlitið sl. ár og beri því ekki minna en fjórðungs lækkun af þeirri ástæðu einni.




Ég hef með bréfi dags. 15.11.2001 beðið forstjóra eftirlitsins að útskýra forsendur þessa lágmarksgjalds. Nú er runninn út sá frestur sem opinberum aðilum er gefinn til svara við fyrirspurnum almennings, en ekkert hefur heyrst frá honum enn. Þarf engan að undra þó það vefjist fyrir að finna réttlætið í þessari einkennilegu skattlagningu.

Það er Alþingis að sjá um að jafnaðar sé gætt við álagningu skatta. Ég heiti á nefndina að endurskoða lágmarksgjald þetta og ákveða með hliðsjón af því sem tíðkast við svipaðar aðstæður hjá sjálfstætt starfandi einstaklingum í eftirlitsskyldri starfsemi.

Mér er sjálfum ekki kunnugt um hliðstæða skattlagningu í öðrum greinum, þó einhver dæmi kunni að vera um þjónustugjöld.

Ef jöfnuður á að ríkja tel ég því rétt að þessari skattlagningu á einstaklinga verði hætt.


Með virðingu,



Árni Reynisson

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti

Minnisblað

Viðtakandi: Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Viðskiptaráðuneyti 
Dagsetning: 10. desember 2001
Málsnúmer: IVR01100013
Bréfalykill: 51.020

Efni: Tillaga að breytingum á frumvarpi um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi

Með hliðsjón af umsögnum um frumvarp um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi og umræðum á fundum efnahags- og viðskiptanefndar, leggur viðskiptaráðuneytið til eftirfarandi breytingar á frumvarpinu:

1. Lágmarksgjald váttryggingamiðlara lækki úr kr. 200.000 í kr. 150.000.
2. Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir greiði 0,5% af rekstrartekjum í stað 0,76297%.
3. Eftirlitsgjald aðila sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila greiði 1/5 hluta eftirlitsgjalds í stað 2/3.

Þessar breytingar leiða til 3,5 m.kr. lækkunar á áætluðu eftirlitsgjaldi ársins 2002. Áætlað eftirlitsgjald fyrir árið 2002 er því 211,5 m.kr. í stað 215,0 m.kr.

Verði þessar breytingar samþykktar eru breytingar á frumvarpinu eftirfarandi:

1. 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Félög eða einstaklingar sem stunda váttryggingamiðlun skulu greiða 0,04581% af því iðgjaldamagni sem miðlað er á næstliðnu ári, þó eigi lægri fjárhæð en 150.000 kr.
2. 5. tölul. 1. mgr. 1. gr. orðast svo: Kauphallir og skipulegir tilboðsmarkaðir skulu greiða 0,5% af rekstrartekjum, þó aldrei lægri fjárhæð en 250.000 kr.
3. 1. másl. 3. mgr. 1. gr. orðast svo: Þrátt fyrir 1. mgr. skal eftirlitsskyldur aðili, sem er að minnsta kosti að 9/10 hlutum í eigu annars eftirlitsskylds aðila, greiða 1/5 hluta eftirlitsgjalds, samkvæmt viðeigandi tölul. 1. mgr., enda hafi móðurfélagið heimild til sömu starfsemi og dótturfélagið.

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Sigrúnar Brynju Einarsdóttur,
ritara efnahags- og viðskiptanefndar,
Þórshamri v/Templarasund,

150 REYKJAVÍK

3. desember, 2001
Tilvísun: 01110027
60.13

Reykjavík, 3. desember 2001

Umsögn
um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230.
mál, eftirlitsgjald.

Íbúðalánasjóður hefur mótttekið ofangreint frumvarp til umsagnar. Af hálfu sjóðsins er ekki talin ástæða til þess að gera athugasemdir né koma með tillögur varðandi frumvarpið.

Virðingarfyllst f.h. Íbúðalánasjóðs



Einar Jónsson hdl.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík


Reykjavík, 4. desember 2001

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármála-starfsemi, 230. mál. Um er að ræða álagningu eftirlitsgjalds til Fjármálaeftirlitsins vegna ársins 2002.

Landssamtök lífeyrissjóða vilja sérstaklega vekja athygli nefndarmanna í efnahags- og viðskiptanefnd á álitum samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila á rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins sem fylgir frumvarpinu, merkt sem fylgiskjal II. Eins og fram kemur í álitinu lýsir samráðsnefndin vonbrigðum sínum yfir því að FME hefur lítið sem ekkert tekið tillit til ítarlegra ábendinga samráðsnefndarinnar varðandi einstaka rekstrarliði áætlunarinnar. Landssamtök lífeyrissjóða taka undir öll sjónarmið samráðsnefndar eftirlitskyldra aðila og eru samtökin reiðubúin að ræða einstaka þætti rekstraráætlunar FME við nefndarmenn í Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, ef þess er óskað.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. desember 2001

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur haft til umfjöllunar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Vill nefndin koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd nokkrum athugasemdum vegna frumvarpsins.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur er skipuð af forsætisráðherra í samræmi við ákvæði laga nr. 27/1999 um opinberar eftirlitsreglur og reglugerð nr. 812/1999 um eftirlitsreglur hins opinbera. Nefndin skal vera til ráðgjafar um eftirlit á vegum hins opinbera. Starf nefndarinnar skal miða að því að eftirlit á vegum hins opinbera sé jafnan eins hagkvæmt og kostur er fyrir þau fyrirtæki og einstaklinga sem eftirlitið beinist að og fyrir hið opinbera. Þá skal nefndin gæta þess að opinberar eftirlitsreglur séu í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1999.

Ákvæði 3. gr. laga nr. 27/1999 kveða á um að þegar eftirlitsreglur eru samdar eða stofnað er til opinbers eftirlits skuli viðkomandi stjórnvald meta þörf fyrir eftirlit, gildi þess og kostnað þjóðfélagsins af því. Slíkt mat getur m.a. falist í áhættumati, mati á alþjóðlegum skuldbindingum um eftirlit, mati á kostnaði opinberra aðila, fyrirtækja og einstaklinga af eftirlitinu, mati á hvort ná megi sama árangri með hagkvæmari aðferðum eða mati á þjóðhagslegu gildi eftirlits. Í reglugerð nr. 812/1999 er að finna ítarlegri ákvæði um aðferðir og viðmið við framkvæmd mats af þessu tagi.

Ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur hefur í störfum sínum lagt áherslu á að opinbert eftirlit sé byggt upp í samræmi við þau meginviðhorf sem greinir í lögum og reglugerð um opinberar eftirlitsreglur. Í því felst meðal annars að eftirliti sé hagað með þeim hætti að það sé eins einfalt og kostur er, kostnaði sé stillt í hóf og að hann sé almennt borinn af þeim, sem eftirlitið beinist að, sé þess kostur. Jafnframt leggur nefndin áherslu á að setning reglna og eftirlit með framkvæmd þeirra sé almennt ekki á sömu hendi.

Í ljósi þessa gerir ráðgjafarnefnd um opinberar eftirlitsreglur þríþættar athugasemdir við frumvarp það sem hér er til umfjöllunar:

Í fyrsta lagi gerir frumvarpið ráð fyrir umtalsverðri aukningu í eftirliti af hálfu Fjármálaeftirlitsins, án þess að fram hafi farið þjóðhagslegt mat á þörf fyrir það með þeim hætti sem lög nr. 27/1999 og reglugerð nr. 812/1999 kveða á um. Áætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 gerir ráð fyrir hækkun rekstrargjalda um tæp 25%. Munar þar mestu um fjölgun starfsmanna úr 27 í 33 eða um 22% og stækkun húsnæðis um 415 m². Þar með er stofnunin með um 1.315 m² eða sem nemur tæpum 40 m² á hvern starfsmann. Ólíklegt er að aðrar stofnanir ríkisins vaxi jafn hratt milli ára og hér er gert ráð fyrir. Hvergi kemur fram í skýrslu Fjármálaeftirlitsins hagsmunamat eða forgangsröðun í eftirliti, sem þó væri eðlilegt að gera ráð fyrir í ljósi verulegrar aukningar á umfangi eftirlitsins. Gera verður þær kröfur til opinberra eftirlitsstofnana að þær fari að lögum í þessu efni og rökstyðji ítarlega kröfur um aukið eftirlit.

Í annan stað lýsir ráðgjafarnefndin verulegum efasemdum um stjórnskipulag og tekjuöflunarkerfi Fjármálaeftirlitsins, í ljósi þróunar mála frá setningu laga nr. 99/1999. Með lögum nr. 87/1998 var stofnunin sett undir sjálfstæða stjórn og þar með undanskilin stjórnskipulegri ábyrgð og eftirliti viðskiptaráðherra. Um leið var samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila komið á fót til að veita stjórn stofnunarinnar ákveðið mótvægi og aðhald. Reynslan hefur hins vegar sýnt að með 2. gr. laga nr. 99/1999 hefur Fjármálaeftirlitinu í reynd verið gefið sjálfðæmi um gjaldtöku, enda virðist viðskiptaráðherra tæpast hafa heimild að víkja frá tillögum Fjármálaeftirlitsins um gjaldskrárhækkanir skv. 3. mgr. 2. gr. Þessi skipan er í beinni mótsögn við þá stefnu ríkisstjórnarinnar, sem markvisst hefur verið unnið að á undanförunum árum og miðar að því, að styrkja fjárlögin sem hagstjórnartæki og leysa fjárstjórnarvaldið úr viðjum alls kyns markaðra tekjustofna og lögbundinna framlaga til ýmissa mála. Sú skipan sem frumvarp þetta og lög nr. 99/1999 gera ráð fyrir miða þvert á móti að því að svipta ríkisstjórn og Alþingi þeim áhrifum, sem fjárstjórn fjárlaga ætlar þeim annars að hafa, á vöxt og viðgang stofnana hins opinbera.


Þá vekur athygli að samkvæmt því sem ráða má af frumvarpinu breytti stjórn Fjármálaeftirlitsins rekstraráætlun sinni í engu frá þeim drögum sem send voru samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, þrátt fyrir að hafa fengið margþættar og vel rökstuddar athugasemdir frá nefndinni. Sú niðurstaða sýnir að aðhaldshlutverk samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila er ekki sem skyldi og tryggir ekki nauðsynlegt viðnám gagnvart útpenslu stofnunarinnar.

Í þriðja lagi hefur ráðgjafarnefndin verulegar efasemdir um að kostir þess að skipa eftirlitsstofnunum hins opinbera til hliðar við hið almenna stjórnkerfi ríkisins, yfirgnæfi þann alvarlega annmarka á þeirri skipan, að slíkar stofnanir lúta ekki stjórnunar- og eftirlitsheimildum ráðherra og um leið þeirri ábyrgð, sem einungis hann getur borið gagnvart Alþingi. Slíkar stofnanir eru m.ö.o. undanskildar því aðhaldi sem Alþingi er á grundvelli þingræðisvenjunnar ætlað að hafa með ríkisstjórninni og starfsemi stjórnvalda. Sjálfstæð stjórn eftirlitsstofnunar felur í sér hættur út frá eftirlitspólitísku sjónarmiði og hefur að auki þau áhrif að auðvelda sjálfstöku stofnunarinnar á tekjuhlið. Þá er ótalinn sá mikli kostnaður sem hlýst af launum stjórnarmanna Fjármálaeftirlitsins, sem hlýtur að teljast einsdæmi í opinberri stjórnsýslu.

Af framansögðu er það niðurstaða ráðgjafarnefndarinnar að kalla þurfi eftir því að viðskiptaráðuneytið og Fjármálaeftirlitið fari að ákvæðum laga nr. 27/1999, sbr. reglugerð nr. 812/1999 og láti fara fram nauðsynlegt mat á þjóðhagslegri þörf fyrir þeirri aukningu á starfsemi Fjármálaeftirlitsins sem fyrirhuguð er samkvæmt frumvarpinu. Þá telur ráðgjafarnefndin brýnt að viðskiptaráðuneytið hefjist handa um

endurskoðun laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með það að markmiði að tryggja stjórnskipulega ábyrgð viðskiptaráðherra á framkvæmd eftirlits af hálfu stofnunarinnar og að koma í veg fyrir sjálfvirka útgjaldaþenslu hennar.

Virðingarfyllt,
f.h. ráðgjafarnefndarinnar

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Skarphéðinn B. Steinarsson', written in a cursive style.

Skarphéðinn B. Steinarsson, formaður

Reykjavík, 3. desember 2001

Alþingi
efnahags- og viðskiptanefnd
nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Efni: Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál.

Með bréfi dagsettu 14. nóvember 2001 óskar efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis umsagnar Sambands íslenskra sparisjóða um framangreint frumvarp þar sem gerðar eru tillögur til breytinga á lögum 99/1999 að því er varðar grunn og umfang álagningar á eftirlitsskylda aðila til að standa straum af kostnaði við Fjármálaeftirlitið.

Samband sparisjóða vill strax taka fram að það telur að þau verkefni sem eftirlitið sinnir séu vel og skipulega innt af hendi og almennt hafi vel tekist til með stofnun Fjármálaeftirlitsins og starfrækslu við sameiningu Bankaeftirlits Seðlabankans og Vátryggingareftirlitsins.

Samband íslenskra sparisjóða á fulltrúa í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila sem starfar samkvæmt lögum 99/1999 sbr. reglugerð nr. 562/2001. Álit nefndarinnar fylgir frumvarpi þessu. Í nefndarálitinu koma fram fjölmargar ábendingar varðandi rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2002 þar sem nefndin m.a. varar við þróun og bendir á atriði sem betur mættu fara sérstaklega varðandi áætlanir um aukin umsvif og kostnað við rekstur eftirlitsins. Frumálit samráðsnefndarinnar voru sett fram við undirbúning rekstraráætlunar eftirlitsins og það olli bæði nú sem áður vonbrigðum að hve litlu leyti var tekið tillit til sjónarmiða samráðsnefndarinnar við endanlegan frágang fjárhagsáætlunar Fjármálaeftirlitsins. Eftirlitsskyldir aðilar eiga hér mikið í húfi enda standa þeir straum af rekstri Fjármálaeftirlitsins. Með ábendingum um aðhald í aukningu starfsmanna og að kostnaður sem til er stofnað lúti að eftirlitshlutverki Fjármálaeftirlitsins en ekki öðrum óskyldum verkefnum er ekki með neinum hætti verið að draga í efa að skilvirkt eftirlit sé undirstaða heilbrigðs fjármálamarkaðar – þvert á móti einungis að aðhalds sé gætt og að eftirlitsskyldir aðilar standi ekki undir kostnaði sem þeim ekki ber lögum samkvæmt að greiða.

Með ofangreindum athugasemdum er verið að vísa til atriða sem að mestu koma fram í álitgerð samráðsnefndar en Samband sparisjóða vísar að öðru leyti til þeirra sjónarmiða er þar koma fram.

Virðingarfyllst,
SAMBAND ÍSLENSKRA SPARISJÓÐA
f.h. Sigurðar Hafstein





SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

S/297

Alþingi

Erindi nr. Þ 127/275

komudagur. 28.11.2001

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

26. nóvember 2001

Efni: Frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 14. nóvember sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga (S.Í.T.), um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu eru gerðar tillögur um breytingar á lögum nr. 99/1999, fyrst og fremst þó á þeim ákvæðum laganna, sem varða álagningarstofn og álagt gjald á aðila á fjármálasviði, sem falla undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins. Í frumvarpinu felst í hnotskurn, að hækka skuli eftirlitssgjald, sem lagt er á eftirlitsskylda aðila til að standa undir kostnaði við starfrækslu Fjármálaeftirlitsins. Vegna þingmáls þessa skal eftirfarandi atriðum hreyft:


1. Samband íslenskra tryggingafélaga og aðildarfélög þess hafa fullan skilning á því, að hér á landi sem annars staðar þurfi að starfa stofnun á borð við Fjármálaeftirlitið. Er af S.Í.T. hálfu almennt lýst stuðningi við skilvirkt eftirlit með íslenskum fjármálamarkaði. Fjármálaeftirlitið er tiltölulega ný stofnun, sem var sett á laggir til að hafa eftirlit með aðilum, sem fást við hvers konar fjármálaþjónustu hér á landi. Jafnframt var Vátryggingaeftirlitið og bankaftirlit Seðlabankans lögð niður. Að sumu leyti virðist hafa til tekist með stofnun og starfrækslu Fjármálaeftirlitsins eins og að var stefnt. Á hinn bóginn veldur vonbrigðum kostnaður við starfsemi Fjármálaeftirlitsins, og stöðug áform stjórnenda stofnunarinnar um frekari umsvif með tilheyrandi útgjaldaaukningu. Að mati S.Í.T. er tímabært að stjórnendur Fjármálaeftirlitsins snúi við blaðinu og reyni að móta áætlanir um það, hvernig komast megi hjá þenslu í starfsemi stofnunarinnar og draga úr kostnaði. Þótt eftirlitsskyldum aðilum sé lögum samkvæmt ætlað að standa undir öllum kostnaði við rekstur Fjármálaeftirlitsins, og rekstur þess á þann veg íþyngi ekki ríkissjóði, hvíla á stjórnendum stofnunarinnar og fagráðherra hennar sömu skyldur og almennt tíðkast gagnvart öðrum opinberum stofnunum. Beini fjármálaráðherra og ríkisstjórn því til stjórnenda opinberra stofnana að gæta sérstaks aðhalds og leita leiða til sparnaðar, eins og raunar hefur verið gert, hljóta stjórnendur Fjármálaeftirlitsins að taka mið af því í

áætlunum sínum. Þess sér þó lítt stað, því áætlað er að rekstrargjöld Fjármálaeftirlitsins milli árunna 2001 og 2002 hækki um 52.5 milljónir króna, eða um 25% milli ára.

2. Frumvarpinu fylgir sem sérstakt fylgiskjal álit samráðsnefndar eftirlitsskyldra aðila, en hún starfar samkvæmt lögum nr. 99/1999 og reglugerð nr. 562/2001. Í áliti samráðsnefndar er að finna ítarlega umfjöllun um rekstraráætlun Fjármálaeftirlitsins í heild og gagnrýni á einstaka liði hennar. Á S.Í.T. fulltrúa í samráðsnefndinni. Hefur stjórn S.Í.T. verið kynnt álitssgerð samráðsnefndarinnar og styður þau sjónarmið, sem þar koma fram. Að svo stöddu skal því látið nægja að vísa til þeirrar umfjöllunar.

Fulltrúar Sambands íslenskra tryggingafélaga eru hvenær sem er reiðubúnir að ræða þetta málefni frekar og skýra sjónarmið sín, telji efnahags- og viðskiptanefnd þörf á því.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson



Alþingi
Erindi nr. P 127/336
komudagur 4.12.2001

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Reykjavík, 3. desember 2001

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á l. um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi (230. mál)

Við er í bréf nefndarinnar dags. 14. nóvember þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál.

Samtök banka og verðbréfafyrirtækja eiga sæti í samráðsnefnd eftirlitsskyldra aðila, en álit nefndarinnar á áætluðu rekstrarumfangi FME á árinu 2002 er birt sem fylgiskjal með frumvarpinu (Fskj. II). Þar koma fram viðamiklar ábendingar við fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun, en nánast ekkert tillit var tekið til þeirra ábendinga í skýrslu FME til viðskiptaráðherra (Fskj. I). Þess í stað fór FME þá leið að senda viðskiptaráðherra sérstakt bréf, meðfylgjandi eigin áætlun, sem inniheldur andsvör við álit samráðsnefndarinnar. Hljóta þau vinnubrögð að vera gagnrýniverð, enda ráðherra að meta tillögu FME að fjárhagsáætlun með hliðsjón af athugasemdum hagsmunaaðila sem standa undir kostnaði eftirlitsins.

Fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir hækkun þess gjalds sem lagt er á eftirlitsskylda aðila til að standa undir kostnaði við fjármálaeftirlit hér á landi. SBV telja rétt að vikja sérstaklega að veigamestu atriðunum í þessu sambandi, en taka að öðru leyti undir þau sjónarmið sem fram koma í álitsgerð samráðsnefndarinnar.

- 1) Ekki hefur verið sýnt fram á nauðsyn þeirrar stórkostlegu aukningar starfsumfangs sem áætlun FME gerir ráð fyrir. Bæði er boðaður aukinn starfsmannafjöldi, auk verulegrar (50%) stækkunar húsrýmis. Slík útþensla opinberra aðila er ávallt gagnrýniverð, þá ekki síst þegar kostnaðurinn er greiddur af einkaaðilum.
- 2) Mál hafa þróast þannig undanfarin ár að FME tekur sífellt meiri þátt í mótun laga og reglna íslensks fjármálamarkaðar. Sú staðreynd að sá aðili sem ætlað er að tryggja

að reglum sé framfylgt sé sá hinn sami og setur reglunar hlýtur að draga úr því trausti sem eftirlitið ætti að hafa. Ef ætlun löggjafans er að hafa mál með þessum hætti er lágmarkskrafa að kostnaður af þeim vinnustundum starfsmanna FME sem fara í laga- og reglusmíð greiðist af því ráðuneyti sem fer með málefni fjármálamarkaðar.

- 3) Stjórn FME hefur haft þann háttinn á að auk aðalmanna sitji varamenn alla stjórnarfundi. Sú útskýring er gefin á þessu að vegna strangra hæfisreglna sem stjórnin hefur sett sér sé mikilvægt að varamenn séu virkir þátttakendur í stjórnarstörfum svo þeir geti fyrirvaralaust tekið þátt í ákvörðunum stjórnar ef aðalmaður verður vanhæfur. Engan veginn er hægt að fallast á þessi rök, enda mundu þá sömu sjónarmið eiga við um fjölmargar stjórnir fyrirtækja og stofnana. Framangreint fyrirkomulag hjá FME þýðir í raun ekkert annað en að tekinn hefur verið sjálfstökuréttur um 6 manna stjórn, þrátt fyrir að löggjafinn hafi einvörðungu samþykkt 3 manna stjórn.


Enn brynna er að hafa þessi sjónarmið í huga þegar um er að ræða stjórn sem kostuð er af öðrum aðilum en þeim sem hana skipar. Ef það er mat ráðherra að hann verði eftir sem áður að haga málum á þennan hátt er brýnt að löggjafinn taki af skarið um að ráðuneytið beri kostnaðinn af stjórnarstörfum.

- 4) Í niðurlagi áðurgreinds bréfs samráðsnefndar til FME er vakin athygli á þeirri tvísköttun sem gildandi löggjöf felur í sér þegar dótturfélag er að fullu fjármagnað af móðurfélagi. Í þeim tilvikum leiðir fjármögnunin til samsvarandi stækkunar efnahags móðurfélags og nemur efnahag dótturfélags, þar sem lánið til dótturfélagsins skráist sem inneign hjá móðurfélagi. Þar sem eftirlitsgjaldið miðast hins við stærð efnahags verður um raunverulega tvígreiðslu gjaldsins að ræða í þessum tilvikum.

Rökin fyrir því að fyrirtæki getur séð ástæðu til að vera með hluta sinnar starfsemi í sjálfstæðu dótturfélagi, jafnvel þótt fjármagnað að fullu af móðurfélagi, eru fyrst fremst þau að þannig verði skýrari skil í skipuriti félagsins og ábyrgðartilfinning starfsmanna óskyldra eininga meiri.

Í fyrirliggjandi frumvarpi er gerð tillaga um að þegar svona háttar til skuli dótturfélag greiða 2/3 hluta eftirlitsgjaldsins. SBV leggja áherslu á að hér um sanngirnismál að ræða sem ekki verður lagfært nema með afnámi framangreindrar tvísköttunar.

Virðingarfyllst,



Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri



Alþingi
Erindi nr. P 127/326
komudagur 4.12.2001

3. desember 2001

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál.


Í bréfi dags. 14. nóvember 2001 óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál.

Seðlabanki Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarpið. Á undanförunum árum hefur æ meiri áhersla verið lögð á að efla eftirlit með starfsemi fjármálastofnana um allan heim og jafnframt því sem fjármálaviðskipti hafa orðið fjölbreytilegri hefur eftirlitið orðið víðfeðmara og flóknara. Í fylgiskjölum með frumvarpinu er m.a. ítarlegt mat á mannaflapörf í Fjármálaeftirlitinu auk þess sem raktar eru athugasemdir og ábendingar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um hvar styrkja megi eftirlit með fjármálastarfsemi á Íslandi.

Seðlabanki Íslands leggur áherslu á mikilvægi þess að hér á landi sé virkt eftirlit með fjármálastarfsemi í samræmi við kröfur sem gerðar eru á alþjóðavettvangi. Bankinn telur að Fjármálaeftirlitið hafi sinnt hlutverki sínu mjög vel þann tíma sem það hefur starfað. Hann tekur engu að síður heils hugar undir nauðsyn þess að efla starfsemi eftirlitsins enn frekar í samræmi við það sem lýst er í fylgiskjölum með frumvarpinu.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS


Birgir Ísl. Gunnarsson
formaður bankastjórnar


Eiríkur Guðnason
bankastjóri

SEÐLABANKI ÍSLANDS

KALKOFNSVEGI 1 · 150 REYKJAVÍK

SÍMI: 569 9600 · NETFANG: sedlabanki@sedlabanki.is · BRÉFASÍMI: 569 9605

Alþingi
Erindi nr. P 127/390
komudagur 6.12.2001

6. desember 2001

Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Aðsetur:
Seðlabanki Íslands,
Kalkofnsvegi 1,
150 Reykjavík


Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.


Með bréfi dags. 14. f.m. óskar efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta um frumvarp til laga um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, 230. mál, eftirlitsgjald.

Samkvæmt 10. tölul. 1. mgr. 1. gr. frv. er gert ráð fyrir að Tryggingarsjóður skuli greiða fastagjald kr. 150.000,00 á árinu 2002. Verði frv. óbreytt að lögum mun ekki verða um aukin útgjöld að ræða fyrir sjóðinn miðað við innheimt fastagjald á yfirstandandi ári.

Tryggingarsjóður gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.


ritari stjórnar



Alþingi
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 21.11.2001
Tilv. 111
FS/fs

Efni: Umsögn um 230. mál (eftirlitsgjald).

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar frá 14. nóvember 2001, þar sem óskað er eftir umsögn Verðbréfaþings Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum (230. mál).

Samkvæmt 5. tölul. 1. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að hundraðshluti eftirlitsgjalds fyrir kauphallir verði óbreytt frá gildandi lögum, þ.e. 0,76297% af rekstrartekjum. Í töflu 2 í fylgiskali I með frumvarpinu, þ.e. í skýrslu Fjármálaeftirlitsins til viðskiptaráðherra, kemur fram að áætluð álagning á Verðbréfaþing Íslands nemur 1.612 þús.kr. samanborið við 977 þús.kr. í ár. Hér er um 65% hækkun að ræða milli ára. Við þetta fer hlutur þingsins í heildarálagningunni úr 0,49% í 0,75%. Þingið óskar eftir að efnahags- og viðskiptanefnd lækki hundraðshluta gjaldsins þannig að hlutur þess í heildarálagningu verði ekki hærrí en í fyrra. Í þessu felst að lagt er til að hlutfallið í 5. tölul. 1. gr. frumvarpsins verði um 0,49% í stað 0,76297%. Rökin fyrir tillögunni eru þessi:

- Tekjur Verðbréfaþings hækkuðu um 65% milli ára. Að hluta skýrist þessi mikla hækkun með því að þegar nýtt viðskiptakerfi var tekið í notkun á síðari hluta ársins var ákveðið að þingið myndi endurleigja þingaðilum vél- og hugbúnað til að tryggja einsleitt viðskiptaumhverfi hér á landi. Hér er ekki um virðisaukandi starfsemi að ræða og því óeðlilegt að hún myndi álagningargrunn.
- Óhætt er að fullyrða að umfang á eftirliti Fjármálaeftirlitsins með starfsemi Verðbréfaþings hefur ekki verið í samræmi við greiðslur þingsins. Hækki álagningin eins og lagt er til í frumvarpinu eykst þetta misræmi enn frekar þannig að álagningin tekur í raun á sig mynd íþyngjandi skatts.

Það er eindregin von Verðbréfaþings að efnahags- og viðskiptanefnd taki tillit til þessara sjónarmiða og breyti 5. tölul. 1. gr. frumvarpsins með þeim hætti sem hér er lagt til.

Virðingarfyllst,

Finnur Sveinbjörnsson,
framkvæmdastjóri